

Ársskýrsla Rannsóknarnefndar flugslýsa 2003



Útgefandi: Rannsóknarnefnd flugslýsa

ÁRSSKÝRSLA
RANNSÓKNARNEFNDAR
FLUGSLYSA
2003

Efnisyfirlit:

	Bls.
Inngangur	3
Rannsóknarnefnd flugslysa	4
Skýringar hugtaka	5
Yfirlit viðfangsefna ársins 2003:	8
• Atvik sem urðu árið 2001	9
• Atvik sem urðu árið 2002	13
• Atvik sem urðu árið 2003	40
Tillögur um úrbætur í flugöryggismálum	59
Erlend samskipti á árinu 2003	63
Skráð flugslys sl. 10 ár og skráð alvarleg flugatvik frá 1996	65
Yfirlit um dauðaslys í íslenskum loftförum frá upphafi flugs á landinu	72
Flugstundir, flugslys og alvarleg flugatvik 1982 – 2003	75
Tölur:	
• Fjöldi loftfara á skrá í árslok 1992 – 2003	76
• Skírteini einstaklinga í gildi í árslok 2003	77
Línurit:	
• Greining á fjölda viðfangsefna og banaslysa	78
• Flugslys og alvarleg flugatvik í áætlunarflugi	80
• Flugslys og alvarleg flugatvik í leiguflogi	81
• Flugslys og alvarleg flugatvik í þjónustuflogi	82
• Flugslys og alvarleg flugatvik í verkflugi	83
• Flugslys og alvarleg flugatvik í einkaflugi	84
• Flugslys og alvarleg flugatvik í kennsluflogi	85
• Flugslys og alvarleg flugatvik í svifflogi	86
• Flugslys og alvarleg flugatvik í öllu flugi	87
Greinar:	
Flugöryggi í alþjóðaflugi – Hafþór Hafsteinsson forstjóri Air Atlanta Icelandic	88
Forsíða:	
<i>Flugvélin TF-FTL eftir flugslys á flugvælinum í Stykkishólmi 16. maí 2003.</i>	
– Ljósm. Þormóður Þormóðsson	

Ársskýrsla þessi er gefin út skv. 17. gr. laga nr. 59/1996 og er hin áttunda í röðinni.

Ársskýrslur Flugslysanefndar skv. eldri lögum komu út 1984 – 1995.

Útgefandi: Rannsóknarnefnd flugslysa 2004

Inngangur

Ársskýrsla Rannsóknarnefndar flugslysa (RNF) kemur nú út í áttunda sinn en hún kom fyrst út fyrir árið 1996. RNF var sett á laggirnar með sérstökum lögum árið 1996 og tók til starfa 28. júní það sama ár. Fyrirrennari hennar var Flugslýsanefnd sem starfaði frá árinu 1968 til 1996 og hóf útgáfu ársskýrslu árið 1984, en sú ársskýrsla tók einnig til rannsókna sem Flugmálastjórn framkvæmdi. Þannig er í þessu formi til nokkuð gott heildaryfirlit um rannsóknir flugslysa og flugatvika í samfellt 20 ár.

RNF hefur kappkostað að gefa ársskýrslu sína út sem fyrst og að hún nái til aðalatriða atvika, þannig að flugmenn og aðrir sem hlut eiga að máli geti kynnt sér víti sem til varnaðar megi verða, að öðrum kosti er tilgangi rannsókna ekki náð.

Í ársskýrslunni eru enn sem fyrr birtar nokkuð styttrar skýrslur um helstu atvikin sem lokið var við á árinu 2003 og útdráttur og niðurstöður rannsókna eða athugana þeirra atvika sem tekin voru til nánari skoðunar eða rannsóknar á því ári. Geta verður þess, að það er ekki auðvelt að stytta slíkar skýrslur án þess að sleppa einhverjum atriðum sem skýra málið og getur því í einstökum tilfellum

orðið erfiðara að fá heildarmynd af atburðarásinni. Því er ráðlegt fyrir þá sem vilja kynna sér tiltekin mál betur, að leita þeirra á vefsíðu RNF (<http://www.rnf.is>), þar sem skýrslurnar eru birtar í heild sinni.

Eins og áður er útdrátturinn á ensku þegar skýrslan var gefin út á því máli. Einnig eru enn sem fyrr í ársskýrslunni ýmsar tölfræðilegar upplýsingar svo og tillögur sem RNF gerði til úrbóta í flugöryggismálum á liðnu ári, svo sem henni er skylt að gera, og jafnframt er greint frá því hvaða afgreiðslu þær hlutu hjá flugmálayfirvöldum eða öðrum aðilum sem þeim var beint til.

Í ársskýrslunni hafa ætíð birst fræðandi greinar um efni tengd flugi. Að þessu sinni er birt grein Hafþórs Hafsteinssonar, forstjóra Flugfélagsins Atlanta, um flugöryggi í alþjóðaflugi.

Breytingar urðu á RNF á síðasta ári. Þorsteinn Þorsteinsson, flugvélarverkfræðingur, sem verið hefur í nefndinni frá stofnun ákvað að hætta um mitt það ár og var Páll Valdimarsson, prófessor í vélaverkfræði, skipaður í hans stað.

Rannsóknarnefnd flugslysa

Rannsóknarnefnd flugslysa

Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) starfaði á árinu 2003 í samræmi við lög um rannsókn flugslysa nr. 59/1996. Stofnunin starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum.

Hún heyrir stjórnáskýrslulega undir samgönguráðherra.

Nefndina skipa þessir fimm menn:

- *Pormóður Pormóðsson*, BS í flugrekstrar- og tækni-stjórnun, rannsóknarstjóri flugslysa,
- *Porkell Ágústsson*, verkfræðingur M.Sc., aðstoðar-rannsóknarstjóri flugslysa,
- *Kristján Guðjónsson*, lögfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins,
- *Páll Valdimarsson*, prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands,
- *Steinar Steinarsson*, flugstjóri hjá Flugleiðum hf.

Þeir Pormóður Pormóðsson og Porkell Ágústsson eru ráðnir fastir starfsmenn nefndarinnar. Hinir þrír nefndarmennirnir eru skipaðir til fjögurra ára í senn.

Núverandi skipunartímabil þeirra nær til 1. september árið 2004.

Skrifstofa RNF er á 2. hæð húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík við Flugvallarveg á Reykjavíkflugvelli. Hekla Sörensen starfar sem ritari á skrifstofu nefndarinnar.

Skrifstofan er opin frá kl. 09:00 til kl. 16:00 virka daga.

Utan skrifstofutíma er annar hvor tveggja fastra starfsmanna RNF á bakvakt.

Heimilisfang nefndarinnar er:

Rannsóknarnefnd flugslysa
Húsi FBSR
v/Flugvallarveg, Reykjavíkflugvelli,
101 Reykjavík

Sími á skrifstofutíma 511 1666
Bréfasími 511 1667
Bakvaktasími utan skrifstofutíma 660 0336
Farsími 853 0797
Netfang RNF rnf@rnf.is

Netföng starfsmanna:

- thormodur@rnf.is
- thorkell@rnf.is
- hekla@rnf.is

Slóð vefsíðu RNF á netinu er <http://www.rnf.is>

Á vefsíðunni er m.a. að finna lög og reglugerðir sem varða nefndina og starf hennar, svo og eyðublöð fyrir tilkynningar og skýrslur, sem þeir sem þess þurfa með geta sótt þangað, fyllt út og sent nefndinni í pósti eða í tölvupósti.

Á vefsíðunni er einnig að finna ársskýrslur RNF, svo og einstakar rannsóknarskýrslur sem nefndin gefur út.

Skýringar hugtaka

Pegar eftirfarandi hugtök eru notuð í skýrslu þessari, þá hafa þau þá merkingu, er hér greinir:

Aðili máls:

Sá eða þeir sem rannsókn leiðir í ljós að geti hafa átt þátt í því að flugslys, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1996, varð að mati nefndarinnar.

Afkastageta flugvélar (Aeroplane performance):

Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar að því er varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs, við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

Almannaflyg (General aviation operation):

Starfræksla loftfars, sem hvorki telst flutningaflug né verkflug.

Alvarlegt flugatvik (Serious incident):

Atvik sem innifelur kringumstæður, sem benda til þess að legið hafi við flugslysi.

Alvarleg meiðsli (Serious injury):

Áverkar sem maður verður fyrir í slysi, og:

- veldur lengri en 48 klst. sjúkráhusvist, sem hefst innan 7 daga frá þeim degi, er áverkinn varð, eða
- veldur beinbroti (þó eru undanþegin lokuð brot fingra, taa og nef), eða
- innifela skurðsár, er hafa í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða hásinum, eða
- innifela áverka á eitthvert innra líffæri, eða
- innifela annars- eða þriðjastigs bruna eða bruna, er þekur meira en 5% af yfirborði líkamans, eða
- innifelur svo staðfest sé, að viðkomandi hafi orðið fyrir áhrifum sýkjandi efnis eða skaðlegri geislavirkni.

Atvinnuflug (Commercial aviation):

Almennt hugtak um flugstarfsemi, sem stendur almenningi til boða gegn gjaldi.

Áfangaskýrsla (Progress report, preliminary report):

Skýrsla sem varðar flugöryggi og rannsóknarnefnd flugslysa gefur út áður en rannsókn máls er lokið, til þess að koma upplýsingum á framfæri við flugmála-yfirvöld og málsaðila.

Banvæn meiðsl (Fatal injury):

Áverkar, sem maður verður fyrir í slysi og veldur dauða innan 30 daga frá slysinu.

Blindflug (IFR-flight):

Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

Blindflugsskilyrði (Instrument meteorological conditions, IMC):

Veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð.

Einkaflug (Private flight):

Flugstarfsemi sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna, eða til öflunar frekari réttinda, og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst jafnframt einkaflug, ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins, né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því. Það telst ekki endurgjald þótt aðilar skipti með sér beinum kostnaði vegna loftfarsins.

Fartími (Flight time):

Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi. Hann er talinn frá því að loftfar hreyfist frá þeim stað sem það er fermt þar til það nemur staðar til affermingar.

Flugaðferðahandbók loftfars (Aircraft operating manual):

Handbók sem lýsir aðferðum við starfrækslu ákveðinnar tegundar loftfars við eðlilegar og afbrigðilegar aðstæður og í neyðartilvikum, skilgreinir kerfi þess og hefur að geyma þá gátlista sem nota skal.

Flugatvik (Incident):

Atvik, annað en flugslys, sem tengist starfrækslu loftfars og hefur áhrif á eða getur haft áhrif á öryggi starfrækslunnar.

Flughandbók flugvélar (Aeroplane flight manual):

Handbók sem tengd er lofhæfiskirteininu þar sem tilgreint er innan hvaða marka flugvélin er talin lofhæf og þar sem gefnar eru nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir flugliða um örugga starfrækslu flugvélarinnar.

Flughæð (Altitude):

Lóðrétt fjarlægð láréttis lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).

Fluglag (Flight level):

Flötur með sama loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013,2 hectopasköl (hPa) og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

Flugliði (Flight crew member):

Áhafnarliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við stjórn og starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugrekandi (Operator):

Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar til þess að stunda atvinnuflug.

Flugrekstrarhandbók (Flight operations manual):

Handbók samþykkt af Flugmálastjórn, en samin af flugrekanda, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfslíð hans um einstök svið og þætti flugrekstrarins.

Flugriti (Flight recorder):

Sérhver tegund upptökutækis, sem komið er fyrir í loftfari, til gagns fyrir rannsókn flugslyss/flugatviks.

Flugvakt (Flight duty period):

Tímabil sem hefst þegar starfandi flugverja ber að mæta til vinnu sem felur í sér flug og endar í lok fartíma í lokafuginu þar sem flugverjinn er starfandi flugverji.

Flugslys (Aircraft accident):

Atvik tengt starfrækslu loftfars sem verður frá því að maður fer um borð í loftfarið með þeim ásetningi að fljúga með því og þar til allir eru farnir frá borði og þar sem:

- a) einhver lætur lífið eða hlýtur alvarleg meiðsl af völdum þess að:
 - vera um borð í loftfarinu, eða
 - vera í beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar með talda hluti sem hafa losnað frá loftfarinu, eða
 - verður fyrir útblæstri þotuhreyfils.

Nema þegar meiðslin verða rakin til manns sjálfs eða annars manns, eða þegar meiðslin verða á laumufarþega sem hefur falið sig utan þess svæðis sem venjulega er aðgengilegt áhöfn og farþegum, eða

- b) loftfar verður fyrir skemmd eða broti, sem:
 - hefur veruleg áhrif á styrkleika þess, afköst eða flugeiginleika og
 - myndi venjulega valda því að þörf yrði á meiri háttar viðgerð eða skipta þyrfti um viðkomandi íhlut.

Nema þegar um er að ræða hreyfilbilun eða skemmd sem takmarkast við hreyfilinn, hlífar hans eða fylgibúnað eða um er að ræða skemmdir sem takmarkast við loftskráfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, hlífar, smá beyglur eða göt á ytra byrði loftfarsins eða

- c) loftfar er týnt eða það er ómögulegt ná til þess.

Flugstjóri (Pilot in command):

Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugtími (Time in service):

Sá hluti fartíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta landingarstað.

Flugumferðaratvik (Air traffic incident):

Flugatvik sem aðallega tengist reglum er varða flugumferðarþjónustu og þar sem loftför fara framhjá hvort öðru í slíkri nánd að hættuástand verður, eða þar sem aðrir erfiðleikar, sem orsakast af ófullnægjandi starfsaðferðum, eða af því að ekki var farið eftir starfsaðferðum, eða af göllum í tækjabúnaði á jörðu, valda því að hættuástand verður.

Flugverji (Crew member):

Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur, enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Flugvöllur (Aerodrome):

Tiltekið svæði á láði eða legi (að meðtöldum byggingum og búnaði) sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Flutningaflug (Commercial air transport operation):

Starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

Gangtími (Time in service – Viðmiðunartími fyrir viðhaldsskrár):

Hér er átt við þann hluta flugtíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta landingarstað.

Grannskoðun (Overhaul):

Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum til þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti, og hafa í för með sér að talning gangtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun.

Hindrunarlaust klifursvæði (Clearway):

Skilgreint rétthyrnt svæði, á láði eða legi, sem flugmálastjórn hefur ákvörðunarrétt yfir og valið er eða gert nothæft fyrir flugvél að fljúga yfir, á meðan hún flýgur hluta af fyrsta klifri sínu í ákveðna hæð.

Kennsluflug (Instruction flying):

Kennsluflug er það þegar loftfar er notað við formlega flugkennslu með flugkennara um borð eða þegar flugnemi flýgur einn undir eftirliti flugkennara.

Leiguflug (Charter flight):

Með leiguflugi er átt við óreglubundið flug til flutnings á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarks massa meiri en 5700 kg eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.

Lendingarvegalegd (Landing distance):

Sú lárétta vegalegd frá þröskuldi til þess staðar þar sem hægt er að stöðva flugvél, eftir að hún hefur flogið yfir þröskuldinn í 50 feta (15 m) hæð á þeim hraða sem kveðið er á um í flughandbók eða kröfum um afkastagetu.

Lítið loftfar (Small aircraft):

Loftfar sem hefur mestan leyfilegan flugtaksþunga 5700 kg eða minni.

Loftfar (Aircraft):

Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsans, annarra en loftþúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Nærri árekstur (Near-collision):

Aðstæður, þar sem staðsetning, flughraði eða vegalengd milli tveggja loftfara var þannig, séð frá sjónarhóli flugumferðarstjóra eða flugmanns, að öryggi þessara loftfara hafi verið stofnað í hættu, að því marki að einn flugmannanna varð að gera ráðstafanir til þess að víkja, eða slík ráðstöfun hefði verið viðeigandi.

Orsakir (Causes):

Aðgerðir, aðgerðarleysi, atvik eða aðstæður, eða sambland af þessu, sem leiddi til flugslyss eða flugatviks.

Óreglubundið flug (Non-scheduled flight):

Flutningaflug sem ekki er starfrækt sem reglubundið flug, þ.e. leiguflyg og þjónustuflyg.

Rannsókn (Investigation):

Ferli athugana sem gerðar eru í því skyni að fyrirbyggja flugslys og flugatvik og felst í því að safna upplýsingum og greina þær, draga af þeim ályktanir, þar á meðal að ákvarða orsakir og setja fram tillögur í öryggisátt þegar það á við.

Rannsóknarstjóri flugslysa (Chief inspector of accidents):

Framkvæmdastjóri rannsóknarnefndar flugslysa, sbr. 3. gr. laga nr. 59/1996.

Reglubundið áætlunarflug (Scheduled flight):

Með reglubundnu áætlunarflugi er átt við röð flugferða sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- Flugferðirnar eru farnar með loftförum sem ætluð eru til flutnings á farþegum, pósti eða vörum, gegn gjaldi.
- Flugferðunum er ætlað að fullnægja ákveðinni flutningsþörf milli tveggja eða fleiri staða, eftir ákveðinni tímaáætlun, eða ferðirnar eru farnar svo títt og reglulega, að augljóst er að fylgt er ákveðinni áætlun.
- Sérhver flugferð stendur almenningi til boða gegn greiðslu, meðan rými er fánlegt.
- Leyfi til reglubundins áætlunarflugs eru tvenns konar, þ.e. sérleyfi og almennt áætlunarleyfi. Með sérleyfi er átt við einkarétt til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á ákveðinni leið en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörfinni á hlutaðeigandi leið. Með almennu áætlunarleyfi er átt við leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á ákveðinni leið án sérleyfis, en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörf á hlutaðeigandi leið, eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma.

Sjónflug (VFR-flight):

Flug samkvæmt sjónflugsreglum.

Stjórnandi rannsóknar (Investigator in charge):

Maður sem, á grundvelli menntunar og hæfis, ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og stjórn einstakrar rannsóknar.

Stórt loftfar (Large aircraft):

Loftfar sem hefur leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg.

Tillögur í öryggisátt (Safety recommendations):

Tillögur frá rannsóknarnefnd flugslysa, byggðar á upplýsingum úr tiltekinni rannsókn og settar fram í því skyni að koma í veg fyrir flugslys og flugatvik.

Tiltæk flugtaksvegalengd (Take off distance available, TODA):

Lengd tiltæks flugtaksbruns, að viðbættri lengd hindrunarlauss klifursvæðis ef séð hefur verið fyrir slíku.

Tiltæk hröðunar-stöðvunar vegalengd (Accelerate-stop distance available, ASDA):

Lengd tiltæks flugtaksbruns (TORA), að viðbættri lengd tiltæks stöðvunarsvæðis ef séð hefur verið fyrir slíku.

Tiltæk landingarvegalengd (Landing distance available, LDA):

Sú lengd flugbrautar sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í landingu. Tiltæk landingarvegalengd byrjar við þröskuldinn og er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.

Tiltækt flugtaksbrun (Take-off run available, TORA):

Sú lengd flugbrautar, sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki. Tiltækt flugtaksbrun er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.

Verkflug (Aerial work):

Starfræksla loftfars í sérhæfðri starfsemi og þjónustu svo sem í landbúnaði, byggingavinnu, við ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti, leit og björgun, auglýsingaflug o.s.frv.

Þjónustuflyg (Taxi-flight):

Óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarks massa minni en 5700 kg og viðurkennd eru til flutnings á allt að 9 farþegum.

Yfirlit viðfangsefna ársins 2003

Árið 2003 skráði Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) samtals 454 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lög-sögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Rannsóknar-nefndin skoðaði 76 þessara frávika nánar og af þeim tók nefndin 41 atvik, sem skilgreint var sem flugslys eða alvarleg flugatvik, til formlegrar meðferðar og rann-sóknar. Unnið var að rannsóknarskýrslum vegna 17 þeirra en 24 málum var eða verður lokað með bókun. Á árinu 2003 lauk RNF gerð rannsóknarskýrslu í níu málum sem ólokið var í upphafi ársins. Það voru flug-atvik TF-JME á Hornafjarðarflugvelli 2. desember 2001 (M-10101/23), TF-FIJ á Keflavíkflugvelli 9. janúar 2002 (M-00902/01), flugatvik TF-FTL við Höskuldarvelli 11. maí 2002 (M-02602/08), flugslys TF-POU við For-sæti 1. júní 2002 (M-03502/09), flugatvik TF-ULF við Dagverðarnes 21. júní 2002 (M-04602/15), flugslys TF-ABJ við Akureyri 3. júlí 2002 (M-04902/17), flugslys TF-SMS á Keflavíkflugvelli 29. júlí 2002 (M-05502/19), flugatvik TF-FTG og FTN á Reykjavíkflugvelli 14. ágúst 2002 (M-06502/22) og flugatvik TF-TOE á Sand-skeiði 15. nóvember 2002 (M-09002/38).

Ekkert banaslys varð í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu 2003.

RNF átti töluvert samstarf við erlenda rannsakendur vegna nokkurra atvika sem hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu. Jafnframt aðstoðaði nefndin og tók þátt í rannsóknum erlendra rannsakenda á 12 atvikum er hentu íslensk skráðar flugvélar erlendis. 11 þessara rannsókna var lokið en það voru rannsókn Rannsóknarnefndar flugslysa í Danmörku (Havarikommisjonen Civil Luftfart) sem gaf út rannsóknarskýrslu vegna flug-atviks TF-FIJ í Kaupmannahöfn hinn 28. júní 2001 (M-04001/09), rannsókn Rannsóknarnefndar flugslysa í Danmörku sem gaf út rannsóknarskýrslu á árinu vegna flugatviks TF-JVG yfir Grænlandi hinn 1. ágúst 2002 (M-05602/20), rannsókn Rannsóknarnefndar flugslysa í Svíþjóð (Statens Havarikommisjon) sem gaf út rann-sóknarskýrslu á árinu vegna flugumferðaratviks sem TF-FIP átti hlut að við Arlanda flugvöll í Stokkhólmi hinn 25. janúar 2002 (M-01602/05), rannsókn Rann-sóknarnefndar flugslysa í Noregi (Havarikommisjonen for Sivil Luftfart) sem gaf út rannsóknarskýrslu á árinu vegna flugatviks TF-FIO við Gardermoen flugvöll í Osló hinn 22. janúar 2002 (M-00602/02), rannsókn Rann-sóknarnefndar flugslysa á Spáni (Comisión de In-vestigación de Accidentes) sem gaf út rannsóknar-

skýrslu á árinu vegna flugatviks TF-ATH á Madridar-flugvelli hinn 14. september 2002 (M-07302/26), rann-sókn Rannsóknardeildar flugslysa í Bretlandi (Air Accident Investigation Branch) sem gaf út skýrslu á ár-inu vegna flugatviks TF-ATD á flugvöllinum í Teesside 16. október 2002, rannsókn Rannsóknarnefndar flug-slysa í Argentínu (Junta de Investigaciones de Accidentes de Aviación) sem gaf út rannsóknarskýrslu á árinu vegna flugatviks TF-ARA við flugvöllinn í Buen-os Aires í Argentínu hinn 22. október 2002 (M-08702/35), rannsókn Rannsóknarnefndar flugslysa á Spáni sem gaf út rannsóknarskýrslu á árinu vegna flug-umferðaratviks sem TF-ELP átti hlut að við Barcelona 2. maí 2003 (M-02203/13), rannsókn RNF sem gaf út rannsóknarskýrslu vegna flugatviks TF-FIK við Faro í Portúgal 8. júlí 2003 (M-03303/20), rannsókn Rann-sóknarnefndar flugumferðaratvika í Bretlandi (UK Air-prox Board) sem gaf út skýrslu um flugumferðaratvik sem TF-ELC átti hlut að við Prestwick í Skotlandi 30. júlí 2003 (M-04103/25) og rannsókn Rannsóknarnefndar flugumferðaratvika í Frakklandi (French Commission for ATC Safety) á flugumferðaratviki sem TF-ATU átti hlut að við París 1. ágúst 2003 (M-04503/28). Einni rannsókn var ólokið en það var rannsóknr Slysarann-sóknastofnunar samgöngumála í Bandaríkjunum (National Transportation Safety Board) á flugatviki TF-FII yfir austurströnd Bandaríkjanna hinn 19. október 2002 (M-08602/34).

RNF gerði samtals 19 tillögur til úrbóta í flugöryggis-málum í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2003. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var flestum beint til Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 7. gr. laga nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa er flugmálaf-irvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur RNF séu teknar til formlegrar afgreiðslu.

Bent skal á að sumar rannsóknarskýrslurnar eru mjög langar og þeim fylgja oft ítarleg fylgiskjöl. Því er hér að-eins birtur úrdráttur úr skýrslunum, svo og niðurstöður og tillögur sem gerðar voru til úrbóta. Skýrslur RNF, svo og ársskýrslur hennar, er að finna í heild sinni á vef-síðu RNF (<http://www.rnf.is>).

Svo sem fram kemur í 14. gr. laganna, er Rannsóknar-nefnd flugslysa heimilt að gera rannsóknarskýrslur sínar á ensku ef málsaðili er útlendur. Þess vegna eru nokkrar skýrslur nefndarinnar gerðar á ensku og úr-dráttur þeirra sem hér er birtur því á ensku.

RNF tók þátt í ýmsum öðrum verkefnum á sviði flugöryggismála á árinu. Í janúar hafði nefndin milligöngu um að héraðslendis var haldið námskeiði fyrir flugrekendur um viðbragðsáætlanir vegna flugslysa. Á námskeiðinu var farið yfir gerð viðbragðsáætlanna og undirbúning flugrekanda til að tryggja að rétt viðbrögð séu viðhöfð í kjölfar flugslysa eða alvarlegra flugatvika. RNF fékk hingað til lands fulltrúa frá Southern California Safety Institute (SCSI) til þess að halda námskeiðið sem stóð í eina viku. Alls sóttu 19 manns námskeiðið og voru þeir frá flestum flugrekendum á landinu. Flugmálafélag Íslands stóð fyrir flugöryggisfundum á

árinu og tók RNF þátt í skipulagningu þeirra en nefndin hefur yfirleitt nokkuð að segja um dagskrá þeirra auk þess sem nefndarmenn halda árlega erindi á fundunum þar sem rannsóknir ársins eru kynntar. Nefndarmenn kenndu vinnubrögð á vettvangi flugslyss og héldu fyrirlesta um flugslysarannsóknir á námskeiðum fyrir lögreglumenn, björgunarsveitarmenn og slökkviliðsmenn. Þann 1. nóvember var haldin flugslysaæfing í Vestmannaeyjum og tók RNF að venju þátt í þeirri æfingu. Steinar Steinarsson var fulltrúi RNF í hópi skipuleggjanda æfingarinnar. Steinar hefur tekið virkan þátt í skipulagningu slíkra æfinga undanfarin ár.

ATVIK SEM URÐU ÁRIÐ 2001:

1. Flugatvik TF-FIJ í Kaupmannahöfn 28. júní 2001

Endurútgáfa RNF á skýrslu dönsku rannsóknarnefndarinnar er dagsett 31. ágúst 2004 (M-00701/AIG-03)

FACTUAL INFORMATION

History of the flight:

The aircraft, a Boeing 757-200, arrived at Copenhagen Airport, Kastrup (EKCH) on June 28th at 1905 hrs from Reykjavik, Iceland. The landing and the taxiing to the gate, where the aircraft was parked, were normal and without any remarks. The next flight was scheduled to depart EKCH at 2120 hrs with Reykjavik as destination. The cockpit and cabin crew boarded the aircraft in order to prepare the flight. Fuel and cargo had already been loaded on board the aircraft and the boarding of the passengers had begun.

When the boarding of the aircraft was almost completed, the right hand main landing gear's truck beam failed. As the right hand truck beam failed, the aircraft's right side rested on the shock strut instead of on the wheels.

The passengers were disembarked and the flight was cancelled.

ANALYSIS

During disassembling of the truck beam after the accident, it was observed that corrosion could have been a contributing factor to the accident. At the laboratory examination conducted on behalf of the Danish AAIB, this observation was confirmed.

During the above actions, one part of the truck beam was shipped to Boeing for use in their examination of the failed part. The conclusion made by Boeing was similar to the one made by the Danish AAIB. Corrosion had been a contributing factor to the accident. Furthermore, Boeing made an investigation into why corrosion was present. The investigation disclosed that this occurrence could be compared with two other occurrences where the truck beams had failed. Boeing identified this as a Service Related

Problem (SRP) and a Service Bulletin (SB 757-32A0135) had been published to address this SRP. FAA had issued an AD-note (AD 2001-09-01), which also addressed the SRP.

In this accident another factor differed from the two other occurrences. The truck beam had been overhauled in this accident. The truck beams in the two other occurrences had not been overhauled since manufacturing. Overhauling the component eliminated the SB and AD addressing the SRP.

During the investigation made by Boeing, they conducted an audit of the service provider of overhauls. At this audit, Boeing noted some findings about the overhaul procedures. These findings showed that overhaul of the truck beams were improper and did not follow the CMM. The improper overhaul resulted in an inadequate corrosion protection of the inner diameter of the truck beams, which lead to the occurrence. The overhaul procedures were corrected after the audit.

CONCLUSION

A Service Related Problem (SRP) concerning the manufacturing of truck beams for the use of B757 was identified. Boeing and FAA issued respectively a SB and an AD addressing this SRP. The intentions were that an overhaul of the truck beams was to correct the non-uniform plating process from the manufacturing of the truck beams. Overhauls therefore eliminate the needs for the SB and AD. An improper overhaul resulted in a continuation of the SRP leading to the accident.

By identifying this, Boeing issued a revision 2 of the SB 757-32A0135 dated 16 May 2002, which summarized the events with truck beams. The SB revision 2 provided for inspection of previously overhauled gears, so it was established from the records that truck beams had been correctly overhauled.

Danish regulations states that maintenance programs must be based on manufacturers recommendations or on Danish AD, which ensures that Danish operators are obliged to follow the SB issued by Boeing.

Therefore, the Danish AAIB considers the above actions adequate for addressing this and/or similar occurrences related to the SRP concerning truck beams for the B757.

SAFETY RECOMMENDATIONS

None.

2. Flugatvik TF-JME á Hornafjarðarflugvelli 2. desember 2001

Skýrsla RNF var gefin út 8. júlí 2003 (M-10101/AIG-23)

HELSTU STAÐREYNDIR

Um flugið:

Flug FXI 372 var áætlanarflug Flugfélags Íslands hf. frá Reykjavík til Hornafjarðar þann 2. desember 2001. Flugvélin TF-JME sem er af gerðinni Fairchild SA-227AC var notuð til flugsins og var þetta annað flug hennar þennan dag. Flugtak var frá Reykjavíkflugvelli kl. 17:10 og var flogið samkvæmt blindflugsheimild í FI 210 um fjölstefnuvitann á Ingólfshöfða til Hornafjarðar. Myrkur var á Hornafirði kl. 16:29 samkvæmt flugmála-handbók Flugmálastjórnar.

Um kl. 17:50 þegar flugvélin var að nálgast Ingólfshöfða hafði áhöfnin samband við flugvallarvörðinn í flugturninum á Hornafirði sem gaf lýsingu á veðrinu á flugvellinum. Vindur var 260° segulstefnu (M) /14 til 25 hnútar, 6 km skyggni, léttskýjað í 900 fetum, hálfskýjað í 1000 fetum og alskýjað í 2000 fetum, haglé, hiti +1°C og loftþrýstingur (QNH) 985 hPa. Bremsuskilyrði brautar 18 voru gefin 30-30-29. Flugvallarvörðurinn hafði orð á að haglé væri að ganga yfir völlinn og að vindurinn hafi farið upp í 25 hnúta meðan það gengi yfir.

Í lækkuninni ræddu flugmennirnir um að vindurinn eins og hann var í eljunum væri yfir mörkum en ákváðu að halda aðfluginu áfram og sjá til. Flugstjórnin kallaði á flugvallarvörðinn og spurði hvort brautin hafi ekki verið sandborin. Flugvallarvörðurinn svaraði að það væri búið að sandbera en það hafi reyndar verið gert áður en élið gekk yfir flugvölinn. Þegar flugvélin var að hefja lokaaðflugið lét flugvallarvörðurinn áhöfnina vita að honum sýndist að eljabakki væri að nálgast völinn.

Flugmaðurinn var við stjórnvölinn í aðfluginu og lendingunni og hóf hann lokaaðflug til lendingar þegar flugvélin nágaðist „HOFNI“, sem er stöðumið 9,2 sjómílur frá flugbrautarenda 36. Samkvæmt skýrslu flugstjórans sást ágætlega inn á flugbrautina í um 1100 feta hæð á lokastefnunni og fékk áhöfnin þá upplýsingar frá flugvallarverðinum um að vindur væri 240°(M)/7 hnútar á flugvellinum. Flugmennirnir voru sammála um að lenda til norðurs, m.a. vegna þess að bremsuskilyrði voru gefin upp verri á syðri enda brautarinnar. GPS tæki flugvélarinnar mun hafa sýnt að flugvélin var með þriggja hnúta meðvind í aðfluginu á þessum tíma. Að sögn flugstjórans var aðflugið eðlilegt en þó órlítið of hátt við hringvitann „HN“ en var leiðrétt mjög fljótt. Samkvæmt upplýsingum úr flugrita og hljóðrita má áætla að flugvélin hafi verið í um 500 feta

hæð yfir markvita sem er 2,2 sjómílur frá flugbrautar-enda 36 á um 140 hnúta sýndum hraða (IAS).

Þegar flugvélin var á stuttri lokastefnu fór skyggnið að versna þar sem el var að ganga yfir völinn og var skyggnið orðið lélegt í lendingunni að mati flugstjórans. Hann taldi að lendingin hafi verið eðlileg en flugvélin kastaðist nokkuð til og virtist fljóta. Í lendingarbruninu fór flugvélin að skrika til hægri og greip flugstjórnin þá inn í og jók knývendingu vinstri hreyfils til að reyna að rétta vélinu af og beina henni inn að miðju flugbrautarinnar. Flugvélin hélt óbreyttum lendingarferli vegna skriðpunga og eftir um 300 metra lendingarbrun fóru hægri aðalhljólin inn í snjóruðning við brautarjaðarinn og snérist flugvélin við það til hægri, þvert á brautarstefnunna og rann þannig út af flugbrautinni. Flugvélin staðnæmdist utan flugbrautarinnar en inni á öryggissvæðinu um 1100 metra frá syðri flugbrautarendanum.

GREINING PÁTTA

Skil höfðu farið yfir Hornafjörð fyrir um daginn og í kjölfar þeirra fylgdu miklir skúra- eða eljaklakkar. Flugvallareftirlitsmaður hafði unnið við hreinsun flugbrautarinnar yfir daginn og sandborið til þess að bæta bremsuskilyrði sem mældust í kringum 0,30 kl. 17:00. Þegar borin er saman veðurlýsing starfsmanna á flugvellinum og niðurstaða frá úrkomumæli, sem staðsettur er á Akurnesi, um 1 km frá flugvellinum, er ljóst að talsverð slydda hafi verið á tímabilinu frá 17:00 til 18:00. Má því vera ljóst að ástand flugbrautarinnar þegar flugvélin lenti kl. 18:04 hafi verið verra en við mælingu kl. 17:00. Vindur var hægur frá suðvestri í uppstytum en jókst talsvert þegar el gengu yfir flugvölinn. Þannig var vindur gefinn 260°(M)/14 hnútar og 25 hnútar í hviðum, kl. 17:50 þegar haglé gekk yfir.

Þegar flugvélin var að nálgast „HOFNI“ lét flugvallarvörður flugmennina vita að það væri annar eljabakki að nálgast bæinn. Tveimur til þremur mínútum áður en flugvélin snerti flugbrautina gaf flugvallarvörður upp skyggni þrjá til fimm kílómetra til suðurs. Þegar flugvélin var í um 500 feta hæð á lokastefnu til lendingar gaf flugvallarvörður upp vind 240°/8 hnúta. Samkvæmt skýrslu flugstjórans sá hann inn á flugbraut í um 1100 feta hæð, en á mjög stuttri lokastefnu fór skyggnið að minnka og snarversnaði síðan í lendingarbruninu.

Samkvæmt gögnum úr flugrita var flugvélin á um 130 hnúta hraða (IAS) í um 50 feta hæð og á 126 hnúta hraða (IAS) þegar hljólin snerta flugbrautina. Samkvæmt handbók flugvélarinnar er lokaaðflugshraði 116 hnútar miðað við áætlaðan lendingarmassa 6.808 kg og skal 10 hnútum bætt við þann hraða samkvæmt skriflegum leiðbeiningum flugrekanda. Í um 50 feta hæð var hraðinn því um fjórum hnútum yfir útreiknuðum aðflugshraða. Kinkhorn var 2° um 1 sekúndu fyrir lendingu sem er mun lægra en við samanburð gagna á flugritanum í tveimur lendingum áður. Flugvélin lenti 510 metra inni á flugbrautinni og á hægri hluta hennar, eða með nefhjól 9,4 metra hægra megin við miðlinu. Nefhjólíð snerti fyrst, síðan vinstra aðalhljólið eftir að flugvélin hafði farið rúma 7 metra eftir flugbrautinni og hægra aðalhljólið eftir að flugvélin hafði farið tæpa 12 metra. Bæði aðalhljólið lyftust frá jörðu aftur og voru ekki för eftir þau í um 30 metra í lendingarbruninu. Af um-

merkjum á vettvangi má vera ljóst að hjólin hafi byrjað að fleyta (hydroplana) vegna krapa á flugbrautinni. Flugvélin byrjar að snúast til vinstri vegna áhrifa knývendis en heldur óbreyttum lendingarferli vegna skriðþunga, í átt að brautarjaðri. Þegar hægra aðalhljóf fer út í snjóruðning rétt innan við ljósalínu snýst flugvélin tiltölulega hratt til hægri og rennur á hlið út af flugbrautinni að austanverðu. Loftskrúfur rekast í snjóruðning sem var utan við ljósalínu með þeim afleiðingum að blöðin bogna og hreyflar taka inn á sig snjó. Þegar flugvélin stöðvast sýna flugritagögn að stefnan hafi verið 119°.

Þegar flugvélin lagði af stað frá Reykjavík var 1 mm af ís á flugbrautinni, sem þakti 26-50% hennar, bremsuskilyrði voru gefin 0,30 og skúraveður. Á tímabilinu frá 17:00 til 18:00 var talsverð úrkoma á þessu svæði í formi slyddu og var flugvallarspá í samræmi við veður á þessum tíma. Flugvallarvörður lét flugmennina vita að hagléf væri að ganga yfir flugvöllinn um það leyti er þeir flugu framhjá Ingólfshöfða og síðan, þegar flugvélin var í um það bil 2000 feta hæð, lét hann þá vita að það væri að koma annar eljabakki yfir bæinn. Ekki kom fram í talviðskiptum flugvallarvarðar við flugmenn að brautarástand væri orðið verra en lýst var í veðurskeyti kl. 17:10 og aftur kl. 17:55. Ekki er þó ólíklegt að ástand flugbrautarinnar hafi tekið snöggum breytingum vegna ofankomu stuttu fyrir landingu FXI-372 og flugmennirnir hafi ekki verið á varðbergi gagnvart þeim áhrifum sem aukning krapa myndi hafa á landingarbrun flugvélarinnar.

Veðurspá fyrir Hornafjarðarflugvöll var með afgerandi suðvestlægar vindáttir. Fram kom í veðurspá og hjá flugvallarverði að vindstyrkur jókst er el gengu yfir flugvöllinn. Flugvélin lenti í lélegu skyggni 510 metra inni á 1500 metra langri flugbrautinni og 9,4 metra hægra megin við miðlínu á hraða sem var 10 hnútum yfir lokaaðflugshraða og snerti með nefhjólíð fyrst. Að mati RNF ætti að hafa komið til álita við þessar aðstæður að hætta við landingu áður en flugvélin snerti brautina og hefja fráhrarfsflug og biðfljúga meðan el sem var að nálgast flugvöllinn gengi yfir.

Í flughandbók TF-JME er gert ráð fyrir að auka landingarvegalengd á þurri flugbraut um 30% ef bleyta eða hálka er á flugbrautum. Í reglugerð um flutningaflug nr. 708/2001 (JAR-OPS 1) er ákvæði um að tiltæk landingarvegalengd á blautum og spilltum flugbrautum skuli vera að minnsta kosti 115% af tilskilinni landingarvegalengd á þurri flugbraut. Þrátt fyrir þessi fyrirmæli eru engir útreikningar í handbók Flugfélags Íslands, „Airport Analyzes and Route Performance Manual“, í formi afkastatöflu. Þessar upplýsingar eiga að liggja fyrir svo flugmenn og flugumsjónarmenn geti á fljótlegan hátt gert ráðstafanir þegar brautarástand er þannig að meta þurfi hvort flugbrautin sé nógu löng miðað við áætlaða landingarþyngd og aðstæður á flugvelli. Áætlaður landingarmassi FXI-372 var 6.808 kg. Reiknuð landingarvegalengd var því innan þeirra marka sem lengd flugbrautarinnar á Hornafirði leyfir, að teknu tilliti til reiknistuðla í samræmi við reglugerð um flutningaflug en utan marka samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda flugvélarinnar.

Vélrænn Tapley mælir er notaður á Hornafjarðarflugvelli til þess að mæla bremsuskilyrði.

Í gögnum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO Annex 14, Attachment A og í Airport Services Manual, (Doc 9137-AN/898) Part 2, eru leiðbeiningar varðandi bremsumælingar. Hluti af þeim leiðbeiningum er í starfsreglum Flugmálastjórnar um flugvallaþjónustu. Þar kemur meðal annars fram að Tapley mælar voru prófaðir á sínum tíma á samþjöppuðum snjó og á ís, með mælingum á ákveðnum hraða og er því ekki algildur mælikvarði við hvaða skilyrði sem er s.s. í krapa, blautum snjó eða vatni. Við slík skilyrði má gera ráð fyrir að hjól ökutækis, sem bremsumælt er með, fari niður úr, en hjól loftfara fljóti jafnvel ofan á.

Engar áætlanir um reglulegar prófanir og kvörðun á mælinum voru til staðar hjá Flugmálastjórn þó framleiðandinn, Tapley Instrumentation Ltd, fari fram á prófanir á tveggja ára fresti.

Litlar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á því hvaða búnaður henti best miðað við mismunandi ástand flugbrauta eða með samanburðarmælingum á þeim búnaði sem í notkun er í dag á flugvöllum landsins. Hægt er þó að miða við gögn að einhverju leyti úr rannsóknum erlendis frá til þess að leggja fram leiðbeinandi efni varðandi notkun og takmarkanir sem mismunandi gerðir búnaðar hafa. Má þar nefna talsvert efni frá Bresku flugmálastjórninni og „Advisory Circular 150/5200-30A, Airport Winter Safety and Operations“ dagsett 1. október 1991 með síðari leiðréttingum sem Bandaríska flugmálastjórnin gaf út.

NIÐURSTÖÐUR

- Áhöfnin var með gild réttindi til þess að framkvæma þetta flug og hafði fengið nægilega hvíld áður en vakt byrjaði þennan dag.
- Skjöl flugvélarinnar voru í gildi og hún váttryggð lögbodnum váttryggingum.
- Flugvélin var rétt hlaðin, landingarmassi og þungamiðja voru innan tilskilinna marka.
- Flugvélin var á um 130 hnúta hraða í 50 feta hæð og líklegt er að meðvindur hafi verið meiri en áætlað var þar sem el var að ganga inn yfir flugvöllinn.
- Flugmaðurinn leiðrétti ekki nægjanlega fyrir áhrifum meðvinds og hliðarvinds í landingunni sem hafði áhrif á snertipunkt flugvélarinnar.
- Flugvélin lenti í lélegu skyggni á hraða sem er 10 hnútum yfir lokaaðflugshraða 510 metra inni á 1500 metra langri flugbrautinni og á hægri hluta hennar og snerti nefhjólíð fyrst. Nefhjól var þá 9,4 metra hægra megin við miðlínu og 10,8 metrar voru eftir frá hægra hjóli að ljósalínu flugbrautarinnar.
- Veðurskeyti gáfu til kynna 1 mm af ísingu á hluta af flugbrautinni en var áætlað 5 mm af krapa stuttu eftir að atvikið átti sér stað.
- Ísing og krapa voru á yfirborði flugbrautarinnar sem hafði áhrif á afkastagetu flugvélarinnar í landingunni. Líklegt er að ástand flugbrautarinnar hafi tekið snöggum breytingum vegna ofankomu stuttu fyrir landingu og flugmennirnir ekki verið á varðbergi gagnvart þeim áhrifum sem aukning krapa myndi hafa á landingarbrun flugvélarinnar.
- Uppreiknuð landingarvegalengd var lengri en tiltæk flugbraut miðað við leiðbeiningar frá framleiðanda flugvélarinnar við þessar aðstæður.

- Þegar flugvélin snerti flugbrautina byrjuðu hjólin að fleytast (hydroplana) vegna krupa á flugbrautinni sem hafði áhrif á stefnustjórnun í landingarbruninu.
- Að mati RNF hefði átt að koma til álita að hætta við landingu áður en flugvélin snerti flugbrautina og hefja fráhrarfsflug og biðfljúga meðan él sem var að nálgast flugvöllinn gengi yfir.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

RNF beinir því til Flugmálastjórnar að hún:

1. Sjái til þess að útreikningur í „Airport Analyzes and

Route Performance Manual“ flugfélagsins, fyrir þessa flugvélategund, sé í samræmi við reglur JAR-OPS 1 og leiðbeiningar í flughandbók flugvélarinnar.

2. Geri áætlanir um reglulegar prófanir og kvörðun á Tapley mælum til þess að staðreyna réttar mælingar í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
3. Geri samanburðarmælingar á mismunandi tækjabúnaði til bremsumælinga og skrifi leiðbeinandi efni til flugmanna, flugumferðastjóra og flugvallarvarða um takmarkanir búnaðarins.

ATVIK SEM URÐU ÁRIÐ 2002:

1. Flugatvik TF-FIJ á Keflavíkflugvelli 9. janúar 2002

Skýrsla RNF var gefin út 24. janúar 2003 (M-00902/AIG-01)

HELSTU STAÐREYNDIR

Að morgni miðvikudags 9. janúar voru starfsmenn hlaðdeildar „Icelandic Ground Services“ (IGS) að undirbúa Boeing 757 flugvél Flugleiða hf, TF-FIJ, fyrir brottför frá Keflavík til Kaupmannahafnar. Skömmu fyrir brottför voru tveir hlaðmenn sendir af hlaðstjóra, samkvæmt beiðni hleðslueftirlits, í afturlest flugvélarinnar til þess að finna töskur sem farþegi hafði óskað eftir, en þá var hleðslu nýlega lokið. Hvorki ofangreindir hlaðmenn né hlaðstjórinn höfðu komið að hleðslu eða undirbúningi TF-FIJ að öðru leyti.

Hlaðmennirnir opnuðu lestina til hálfis og skriðu inn í lestina til að leita að áðurnefndum töskum. Skömmu síðar kom einn af hlaðmönnum IGS, sem unnið hafði við hleðslu flugvélarinnar, að flugvélinni þar sem komið var að brottför hennar. Hann sá að aftari lestin var opin, leit inn í lestina, slökkti ljósinn í lestinni og lokaði.

Hlaðmennirnir sem þá voru búnir að vinna sig inn í enda lestarinnar voru nú án lýsingar lokaðir inni í lestinni. Þeir unnu sig fram að lestarhurðinni og reyndu að opna en fundu ekki handfangið. Þeir gátu heldur ekki kveikt ljós en voru með kveikjara á sér sem þeir notuðu til lýsingar við leitina að handfanginu og leiðbeiningum um hvernig ætti að opna lestina. Þegar sú leit bar ekki árangur fóru þeir að ókyrrast þar sem þeir vissu að komið var að brottför flugvélarinnar. Þeir fóru því að íhuga mögulegar leiðir til þess að vekja á sér athygli og veltu fyrir sér möguleikanum á að bera kveikjarann að eldvarnarkerfi lestarinnar og setja þannig af stað viðvornarkerfi í flugstjórnarklefanum um eld í lestinni.

Um svipað leyti fór hlaðstjóra þann sem sent hafði hlaðmennina til að leita að töskunum að lengja eftir þeim. Hann hafði svipast um eftir þeim á vinnusvæðinu án þess að finna þá. Skömmu áður en ýta átti flugvélinni frá óskaði hlaðstjórinn eftir því að lestin yrði opnuð til þess að athuga hvort hlaðmennirnir væru um borð og reyndist svo vera.

Á innanverðum lestarhurðum er motta sem skýlir handfangi og er það því ekki sýnilegt nema mottan sé tekin frá. Með handfanginu er mögulegt að opna lestina innanfrá.

Upplýsingar um að þar sé handfang vantaði innan á viðkomandi hurð á TF-FIJ. Hlaðmennirnir vissu ekki af handfanginu og gátu því ekki opnað lestartyrnar.

Að mati RNF hefði mátt koma í veg fyrir að mennirnir lokuðust inni ef hlaðstjóri hefði upplýst hlaðmenn við hleðslu flugvélarinnar um fyrirhugaða leit að töskum. Ennfremur er það mat RNF að standa þurfi betur að skipulagi við hleðslu flugvéla með tilliti til öryggis hlaðmanna.

Eftir þetta atvik var lauslega athugað hvort starfsfólk IGS hefði vitneskju um að mögulegt er að opna lestar umræddra flugvéla innan frá. Niðurstaðan var sú að starfsfólk var ekki meðvitað um þann möguleika. Í kjöl-

farið dreifði verkefnastjóri IGS upplýsingum úr viðhaldshandbók (Maintenance Manual) Boeing 757 til starfsfólks þar sem koma fram leiðbeiningar um opnun lesta innanfrá.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Rannsóknarnefnd flugslýsa beinir því til:

1. Flugleiða hf að merkingar á flugvélum félagsins sem ætlaðar eru til leiðbeiningar og viðvörunar fyrir starfsfólk séu yfirfarnar við reglubundnar skoðanir flugvéllanna.
2. Icelandic Ground Services að í ný- og endurþjálfun starfsfólks verði lögð áhersla á að kynna kerfi þeirra flugvéla sem þeir starfa við að jafnaði og varðar störf þeirra.
3. Icelandic Ground Services endurskoði verklag við afgreiðslu flugvéla með tilliti til öryggis starfsfólks.

2. Flugatvik TF-FIO við Gardermoen flugvöll 22. janúar 2002

Endurútgáfa RNF á skýrslu norsku rannsóknarnefndarinnar er dagsett 22. janúar 2003 (M-00602/AIG-02)

FACTUAL INFORMATION

History of the flight:

TF-FIO, a Boeing 757-208 from Icelandair with the call sign of FI-315, was on a scheduled flight from Keflavík Iceland (BIKF) to Oslo airport Gardermoen (ENGM). The flight departed BIKF 0735 UTC. The flying time to Oslo was planned to be 2:10 hours. The flight was dispatched with the following equipment inoperative: Right ILS, right GPS and center autopilot (A/P). The take-off and landing weights were within normal limitations. The scheduled flight was uneventful until the descent and approach to ENGM. The Commander was the pilot flying (PF) and the First Officer performed the duties of the non-flying pilot (PNF). The aircraft was flown by the autopilots (AP). At a distance of approx. 200 NM from ENGM the First Officer received and noted down the 0920 UTC Automatic Terminal Information Service (ATIS) for ENGM, which stated RWY 01R was in use and that the weather was satisfactory for an approach to this RWY. The Commander planned for a practice CAT II approach.

Instruments and navigation aids were set and the approach was briefed according to Icelandair Standard Operating Procedures (SOP). From ATC, the crew received descent instructions and SIG 2E arrival. The descent was started at time 0930 UTC, approx. 117 NM (track miles) from ENGM. During the descent TF-FIO was cleared direct to SONER with free speed below FL 100. Later the crew was informed that the runway in use at ENGM was changed to runway 01L. The reason for the runway change was snow clearing in progress on runway 01R. The whole descent and approach was made in strong tailwind. ATC did not give any information regarding the wind. The crew was

initially aware of the strong tailwind, but they also knew there was a light northerly wind at the airport and due to the high workload in the approach they failed to notice that the tailwind was much stronger than forecasted. Wind information was available through the flight deck instrument equipment. Later TF-FIO was cleared direct to Non Directional Beacon (NDB) Solberg (SLB). The change of runway, the strong tail wind and the shortened approach path resulted in the aircraft becoming high on the approach profile.

- Frá því að flugvélin fór á loft og þar til hún lenti aftur liðu um það bil þrjár klst.
- Viðvörðunarkerfi EICAS gaf aðvörðun um neyðarrennuna þegar búist var til landingar á Ezeiza flugvællinum.
- Boeing heldur því fram að samkvæmt upplýsingum um svipuð atvik, hafi atvikið átt sér stað vegna rangs viðhalds á útblásturskerfi neyðarrennunnar.
- PFIM var í virkri stöðu samkvæmt upplýsingum á ljósmynd frá rannsakanda. Að þessu fram komnu var það niðurstaða fundar rannsóknarnefndarinnar að þessi vélarhluti hafi verið í virkri stöðu. Vísað er til fylgiskjals „ALFA“.
- Skýrsla frá framleiðanda gerir grein fyrir 48 atvikum sem áður hafa átt sér stað og varða ótímabæran útblástur neyðarrennu Boeing 767 vegna margvíslegra ástæðna.
- Samkvæmt greinum 3.1.8, 3.1.9 og 2.2.10 er álitnið að einnig í þessu atviki hafi öryggi kerfisins ekki verið nægilega traust.

ORSÖK

Í flugtaksbruni í venjulegu farþegaflugi blés neyðarrenna óvænt út og losnaði vegna bilunar í opnunarkerfinu án þess að nokkur boð um bilun kæmu fram í stjórnklefa.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Til Flugmálastjórnar Bandaríkjanna (Federal Aviation Administration, FAA)

1. Framleiðandi hefur gert tillögur um breytingar sem eiga að tryggja að hreyfing á PFIM valdi ekki útblæstri neyðarrennu. Tillögur framleiðanda verða fullunnar ekki síðar en í apríl 2004. Í tillögnum felst, að virkjunarbúnaði verður breytt, skipt um kapal og rafknúinn búnaður settur í staðinn. Einnig verður skoðaður sá möguleiki að staðsetja skynjara sem er fljótari að bregðast við losun á neyðarrennunni.

Til flugfélagsins Southern Winds Airlines

2. Huga að þörf á ráðstöfunum til að tryggja virk fjar-skripti milli flugvélar og starfsfólks flugfélags á jörðu.

16. Flugatvik TF-TOE á Sandskeiði 15. nóvember 2002

Skýrsla RNF var gefin út 31. október 2003 (M-09002/AIG-38)

HELSTU STAÐREYNDIR

Þann 15. nóvember 2002 fór flugkennari frá flugskól-
anum Flugsýn ehf í kynningarflug með tvo farþega á
flugvélinni TF-TOE sem er af gerðinni Piper PA28-140.
Flugtak var frá Reykjavíkflugvelli um kl. 17:00 og var
flogið um leið fjögur í austursvæði og síðan til flugvall-
arins á Sandskeiði. Eftir að hafa kannað aðstæður úr

lofti ákvað flugkennarinn að lenda flugvélinni á flug-
braut 33. Vindpoki sýndi að logn var á flugvellingum og
taldi flugkennarinn flugbrautina færa til landingar.

Flugkennarinn lenti kl. 17:20 og samkvæmt lýsingu
hans var landingin með eðlilegum hætti en fljótlega í
landingarbruninu virtist sem hjól flugvélarinnar byrjuðu
að sökkva þannig að verulega hægði á hraða hennar. Í
lok landingarbrunsins sveigði flugvélin svo til vinstri og
rakst hægri vængur hennar í flugbrautina.

Við rannsókn kom í ljós að holklaki hafði myndast í
yfirborði flugbrautarinnar sem erfitt var að greina úr
lofti en farið var að rökkva á flugvellingum þegar atvikið
varð. Samkvæmt upplýsingum úr Flugmálahandbók
Flugmálastjórnar varð nótt í Reykjavík kl. 17:26 þann
15. nóvember 2002.

Þann 6. nóvember 2002, eða níu dögum fyrir atvik-
ið, gaf Flugmálastjórn út upplýsingar til flugmanna
(NOTAM) þar sem varað var við að malarflugvellir gætu
verið varasamir vegna holklaka og var flugmönnum
bent á að kynna sér ástand þeirra hjá umdæmisstjóra.
Eftir ábendingu frá RNF gaf Flugmálastjórn út NOTAM
þremur dögum eftir atvikið um að flugbraut 15/33 á
flugvellingum á Sandskeiði væri lokuð vegna aurbleytu
og holklaka.

Eftir atvikið flokkaði Flugskólinn Flugsýn flugvelli
eftir gerð og áhættu þar sem meðal annars er stuðst
við upplýsingar frá Flugmálastjórn til flugmanna
(NOTAM) og Flugmálahandbók Flugmálastjórnar (AIP).

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Engar.

ATVIK SEM URÐU ÁRIÐ 2003:

1. Flugatvik TF-ATX yfir Úkraínu 8. janúar 2003

RNF lauk málinu með bókun 17. október 2003 (M-00303/AIG-01)

Flugvélin ATX sem er af gerðinni Boeing 747-200 var á flugi yfir Úkraínu í Fl 370 þegar viðvaranir komu vegna sjálfstýringar og sjálfvirkar eldsneytisgjafar og í kjölfarið tók flugvélin um 300 feta dýfu. Árekstrarvarar TF-ATX og annarrar flugvélar sem kom á móti henni í Fl 360 gáfu boð um árekstrarhættu. Atvikið var tilkynnt til flugmálayfirvalda í Úkraínu og ráðstafanir voru gerðar til verndunar flugritagagna TF-ATX. Engin viðbrögð bárust frá Úkraínskum yfirvöldum vegna málsins og ekkert fannst að flugvélinni við skoðun eftir atvikið.

2. Flugatvik TF-ATW við Lagos í Nígeríu 9. janúar 2003

RNF lauk málinu með bókun 4. júní 2003 (M-00403/AIG-02)

Flugvélin TF-ATW sem er af gerðinni Boeing 747-200 var í aðflugi að flugvælinum í Lagos þegar árekstrarvarinn gaf skipun um að klifra. Áhöfnin sá á skjá árekstrarvarans aðra flugvél neðan við TF-ATW. Atvikið var tilkynnt til flugmálayfirvalda í Nígeríu en hvorki fékkst staðfest móttaka tilkynningarinnar né önnur viðbrögð frá Nígeríu.

3. Flugatvik TF-ATO við New York í Bandaríkjunum 13. janúar 2003

RNF lauk málinu með bókun 17. október 2003 (M-00603/AIG-03)

Flugvélin TF-ATO sem er af gerðinni Boeing 767-200 var í brottflugi frá New York þegar árekstrarvarinn gaf skipun um lækun. Atvikið var tilkynnt til rannsóknarnefndarinnar í Bandaríkjunum (NTSB) sem framkvæmdi frumrannsókn. Niðurstaða frumrannsóknarinnar gaf ekki tilefni til frekari rannsóknar samkvæmt upplýsingum frá NTSB.

4. Flugatvik TF-FIO við Keflavíkurlugvöll 20. febrúar 2003

RNF lauk málinu með bókun 19. september 2003 (M-01303/AIG-04)

Áhöfn flugvélarinnar TF-FIO sem er af gerðinni Boeing 757-200 ákvað að snúa við til landingar eftir flugtak frá Keflavíkurlugvelli eftir að boð um bilanir höfðu komið frá aðvörunarkerfi flugvélarinnar. Um fyrsta flug flugvélarinnar var að ræða eftir C-skoðun og kom í ljós eftir landingu að ventill fyrir afísingarbúnaðinn vantaði í flugvélina. Ventillinn hafði verið tekinn úr flugvélinni meðan á skoðuninni stóð og settur í aðra flugvél. Jafn-

framt fannst laus tenging fyrir hraðaskynjunarkerfi hæðarstýrisins. Ýtarleg innanhúsrannsókn fór fram vegna atviksins hjá Tækniþjónustunni á Keflavíkurlugvelli og í kjölfarið voru nokkrar breytingar gerðar á verklagi Tækniþjónustunnar.

5. Flugslys TF-FTR við Eystra-Miðfell í Hvalfirði 28. mars 2003

Skýrsla RNF var gefin út 25. júní 2004 (M-01803/AIG-05)

HELSTU STAÐREYNDIR

Um flugið:

Þann 28. mars 2003 fór flugkennari frá Flugskóla Íslands með nemanda skólans í undirbúningsflug fyrir próf í yfirlandsflugi á flugvælinni TF-FTR. Flugvélin var einshreyfils, tveggja sæta kennslflugvél af gerðinni Cessna 152. Flugáætlun var gerð til einnar og hálftrar klukkustundar sjónflugs frá Reykjavík til Hellu og aftur til baka. Flugáætlunin var tilkynnt til flugturnsins á Reykjavíkurlugvelli og var flugþol áætlað fjórar klukkustundir. Flugneminn hafði framkvæmt fyrirflugskoðun á flugvælinni og undirbúið flugið að öðru leyti. Takmarkaðra upplýsinga um veður var aflað en flugneminn hlustaði á vallarútfarp (ATIS) fyrir Reykjavíkurlugvöll. TF-FTR fékk heimild til flugtaks á braut 24 í stað 19, sem hafði verið í notkun, til þess að flýta flugtaki og komast þannig hjá éli sem var að nálgast Reykjavíkurlugvöll. Upplýsingar um vind voru gefnar af flugturni, 180°/10 hnútar.

Flugtak TF-FTR var kl. 18:15 og var flugneminn við stjórnvöl flugvélarinnar. Flugið var um leið nr. 3 frá Reykjavíkurlugvelli. Stuttu eftir flugtak TF-FTR var hringt frá flugvælinum í Mosfellsbæ í flugturninn á Reykjavíkurlugvelli og tilkynnt að verið væri að opna flugvöllinn fyrir umferð ef á þyrfti að halda vegna veðurs við Reykjavíkurlugvöll. Kl. 18:18 hafði flugturninn á Reykjavíkurlugvelli samband við TF-FTR og tilkynnti að búið væri að opna flugvöllinn í Mosfellsbæ.

Flugkennarinn fylgdist með éljabakkanum sem var að nálgast flugvöllinn og kl. 18:23 eða 8 mínútum eftir flugtak ákvað hann að snúa aftur til Reykjavíkurlugvallar vegna élisins og tók hann við stjórn flugvélarinnar. Hann óskaði eftir að koma um leið nr. 3 til landingar en þar sem él var komið yfir Reykjavíkurlugvöll gaf flugturninn flugvælinni heimild til sérlegs sjónflugs til vallarins.

Þegar flugvélin nálgadist Reykjavíkurlugvöll sá flugkennarinn að skyggnið var orðið það lítið að ófært væri að lenda. Hann sveigði þá til norðurs í átt að Kjalarnesi þar sem skyggni var betra og hugðist bíða þar á flugi eftir að það létti til yfir Reykjavíkurlugvelli. Að sögn flugkennarans taldi hann flugbrautina á flugvælinum í Mosfellsbæ of mjúka og því kom að hans mati ekki til álita að lenda þar.

Við Kjalarnes sá flugkennarinn að élið sem hafði verið yfir Reykjavíkurlugvelli var víðáttumikið og stefndi í áttina að flugvælinni. Hann ákvað því að fljúga undan élinu og að flugvælinum á Stóra-Kroppi í Borgarfirði og

kanna aðstæður þar. Flugíð þangað gekk vel og samkvæmt upplýsingum úr GPS tæki flugvélarinnar lenti hún á Stóra-Kroppi kl. 18:54. Flugkennarinn hringdi í flugturninn á Reykjavíkflugvelli kl. 18:57 og lét vita af því að TF-FTR væri lent á Stóra-Kroppi og óskaði jafnframt eftir því við flugturninn að hann léti vita þegar rættist úr veðrinu á Reykjavíkflugvelli.

Flugumferðarstjóri í flugturninum á Reykjavíkflugvelli hringdi í flugkennarann kl. 19:16 til þess að athuga stöðu mála. Flugkennarinn sagði þá frá því að snjó-koma væri að nálgast flugvöllinn á Stóra-Kroppi úr suðvestri. Flugumferðarstjórinn upplýsti að ekki væri snjócoma á Reykjavíkflugvelli í augnablikinu og að hann sæi til fjalla suður af Kleifarvatni. Hann benti á að él hafði nýlega „skriðið yfir“ og ráðlagði TF-FTR að leggja ekki strax af stað. Aðspurður sagði flugumferðarstjórinn að veðurratsjá væri ekki staðsett í flugturninum en að það væri mjög dökkt að sjá til Keflavíkur. Flugkennarinn sagðist sjá vel til austurs og spurði flugumferðarstjóran hvort það væri óhætt að fara í loftið og fá betri upplýsingar um veður eftir það. Flugumferðarstjórinn ráðlagði honum að bíða þar sem hann hefði ekki hugmynd um hvernig væri að komast „yfir fjallgarðinn“. Þá kom það fram hjá flugkennaranum að dagsbirta væri í um það bil eina klukkustund og fjóru-tíu mínútur til viðbótar. Samtalínu lauk kl. 19:20 með því að flugumferðarstjórinn ætlaði að vera í sambandi síðar.

Kl. 20:08 var aftur hringt úr flugturninum í flugkennarann, en kl. 20:00 höfðu orðið vaktaskipti í flugturninum. Flugkennarinn sagði frá því að það hefði snjóað stanslaust á Stóra-Kroppi um nokkurn tíma. Flugumferðarstjórinn sagði að það hefði létt svolítið til í Reykjavík en hann vissi ekki hvað það myndi „hanga lengi“. Flugkennarinn taldi að það tæki élið um það bil 20-25 mínútur að fara frá Reykjavíkflugvelli að Stóra-Kroppi og sagði flugumferðarstjóranum að þeir áætluðu að leggja af stað um kl. 20:20. Flugumferðarstjórinn hvatti flugkennarann til þess að vera í sambandi aftur til að „kíkja á stöðuna“ þegar hann væri tilbúinn að fara í loftið. Flugkennarinn og flugumferðarstjórinn voru sammála um að flugáætluninni yrði nú lokað og að flugkennarinn myndi gera nýja flugáætlun þegar haldið yrði frá flugvellinum á Stóra-Kroppi.

Samkvæmt upplýsingum frá flugkennaranum snjóaði áfram látlaut á Stóra-Kroppi en um kl. 20:50 létti til. Hann ákvað þá að leggja af stað til Reykjavíkur og munu hann og flugneminn hafa farið út úr flugvélinni til að hreinsa snjó af henni. Samkvæmt upplýsingum úr GPS tæki flugvélarinnar má áætla að lagt hafi verið af stað um kl. 20:56 og var flugkennarinn þá við stjórnvöllinn. Ekki var haft samband við flugturninn fyrir brottför til að leggja inn flugáætlun fyrir flugið. Flugmaðurinn kveðst hinsvegar hafa reynt að hafa samband við flugstjórn gegnum talstöð skömmu eftir flugtak en án árangurs. Myrkur (lok ljósaskipta) varð á Stóra-Kroppi kl. 20:54.

Kl. 21:11 var flugvélina við Hafnarfjall og sá flugkennarinn á ljósum frá Akranesi að él var að koma þar yfir. Hann ákvað þá að halda austur fyrir Akrafjall og athuga möguleika á að fara þá leiðina til Reykjavíkur. Flugkennarinn kallaði í flugturninn á Reykjavíkflugvelli kl. 21:12 og sagðist þá vera á leið til Reykjavíkur og að

hann sæi ekki þangað. Talstöðvarsamband var lélegt en flugturninn sagði frá því að veður væri gott á Reykjavíkflugvelli en að það væri „einhver mugga“ austur af vellinum. Kl. 21:16 hafði flugturninn samband við TF-FTR með aðstoð annarrar flugvélar og fékk þær upplýsingar að TF-FTR væri væntanleg til Reykjavíkur eftir 10 mínútur. Um það bil tveimur mínútum síðar eða kl. 21:18 kallaði flugturninn í TF-FTR og spurði hvar flugvélina væri stödd. Samskiptin voru óskýr en flugkennarinn sagði að þeir væru við Grundartanga, hefðu lent í snjókomu og væru í biðflugi í mikilli ókyrrð. Ennfremur sagði kennarinn að hann væri að hækka flugið. Um þetta leyti var flugvélina að snúa við austan við Akrafjall en samkvæmt frásögn flugkennarans mun skyggni hafa farið versnandi þar. Þar sem ekki reyndist þá mögulegt að fara vestan megin Akrafjalls til Reykjavíkur, snéri flugkennarinn aftur við kl. 21:21 og hélt inn Hvalfjörðinn að upplýstri spennistöð á Brennimef norðaustan við Grundartanga. Þar var hann bæði í myrkri og éljagangi. Samkvæmt frásögn flugkennarans var ekki að finna heppilegan nauðlendingarstað á þessum slóðum, meðal annars vegna háspennulína. Hann ákvað því að bíða af sér veðrið með því að hringfljúga yfir spennistöðinni með ljós hennar sem viðmið.

Flugvél sem lenti á Reykjavíkflugvelli kl. 21:19 gaf þær upplýsingar til flugturnsins að þeir hefðu komið niður úr éli í 2500 feta hæð við Akranes. Flugturninn hafði þá samband við TF-FTR til að gefa þessar upplýsingar en fékk ekki svar frá flugvélinni. Flugturninn kallaði aftur til TF-FTR kl. 21:23 og endurtók upplýsingarnar. Flugkennarinn á TF-FTR svaraði þá og sagði að þeir væru í 800 fetum og allt væri í góðu lagi. Hann gaf ennfremur þær upplýsingar að þeir ætluðu að hringfljúga þangað til élið væri komið framhjá. Flugturninn minnti flugkennarann á að ekki hefði verið gerð nein flugáætlun og spurði hvenær þeir hefðu farið frá Stóra-Kroppi. Flugkennarinn svaraði því til að þeir hefðu farið í loftið kl. 20:55 en leiðrétti það í sömu andrá og sagði að þeir hefðu farið í loftið kl. 20:50. Aðspurður kvaðst flugkennarinn ekki geta áætlað komu til Reykjavíkur, það færi eftir því hvað þeir þyrftu að hringfljúga lengi. Flugkennarinn og flugumferðarstjórinn komu sér saman um að láta flugáætlunina gilda til kl. 22:00. Flugturninn gaf flugkennaranum einnig þær upplýsingar að engin él væru yfir Reykjavíkflugvelli og að vel sæist til Akraness en þó væru einhver él til norðurs. Flugkennarinn svaraði því til að þeir sæju lítið sem ekkert. Samtalínu lauk kl. 21:25. Þetta voru síðustu samskipti milli TF-FTR og flugturnsins á Reykjavíkflugvelli.

Samkvæmt upplýsingum úr GPS tæki flugvélarinnar hófst hringflug TF-FTR með vinstri beygju kl. 21:24 og var fyrst flogið í tvo hringi rangsælis. Eftir það var beygt til hægri og flogið í sex hringi réttsælis. Flugvélina rak undan vindi til norðurs, þ.e. frá spennistöðinni og í átt að Eystra-Miðfelli. Kl. 21:34 var aftur breytt um stefnu hringflugs og flognir tveir krappari hringir rangsælis en á þeim tíma hafði flugkennarinn misst sjónar á ljósum um við spennistöðina þar sem snjókoman hafði aukist. Samkvæmt frásögn kennarans og flugnemans var skyggni orðið lítið, blindbylur skollinn á og erfitt að hafa stjörn á flugvélinni. Sökum ókyrrðar sveiflaðist flugvélina í upp- og niðurstreymi á milli 700 og 1200 feta

flughæðar að sögn flugkennarans. Þegar flugvélin hækkaði flugið, missti flugkennarinn sjónar af ljósunum frá spennistöðinni. Eftir að flugvélin lækkaði flugið á ný bað flugkennarinn flugnemann um að fylgjast með fjarlægð flugvélarinnar frá jörðu á meðan hann einbeitti sér að því að halda stjórn á flugvélinni. Þá hafði hann ýtt eldsneytisgjöfinni að fullu inn.

Að sögn flugkennarans háði snjóblindu honum ekki en skyntruflun eða misáttun (sensory illusion, disorientation) varð til þess að hann var í vafa um afstöðu flugvélarinnar miðað við jörð. Þegar hann sá síðan skyndilega að flugvélin var að fara í jörðina togaði hann í stýrið til fulls til þess að hækka flugið en það dugði ekki til og flaug flugvélin í jörðina kl. 21:35 í um það bil 320 feta hæð við rætur Eystra-Miðfells (64°23'53"N 021°44'30"V) með þeim afleiðingum að hún kastaðist fram yfir sig, rifnaði í sundur og eldur braust út.

Flugkennarinn losaði sig úr öryggisbeltinu og aðstoðaði flugnemann sem hafði misst meðvitund við að losa sig og komast út úr flakinu. Eldur var í fötum þeirra sem flugkennarinn gat slökkt. Flugneminn var vankaður, þjáður og kólnaði fljótt en flugkennarinn reyndi eftir fremsta megni að halda á honum hita.

Um það bil kl. 22:10 komu gestir akandi að bænum á Eystra-Miðfelli en hann er um það bil 800 metra frá slysstaðnum og í hvarfi frá honum. Gestirnir sáu hvar eldur logaði í fjallshlíðinni og fór bóndinn á Eystra-Miðfelli strax að athuga hverju þetta sætti. Hann fór akandi á bil eftir vegslóða í fjallshlíðinni með viðkomu í sumar-bústað og spurði þá sem í honum voru hvort eldurinn væri á þeirra vegum. Um það bil kl. 22:30 þegar bóndinn var að nálgast eldinn mætti hann flugkennaranum á vegslóðanum og aðstoðaði því næst hann og flugnemann inn í bilinn og heim að bænum.

GREINING PÁTTA

Flug TF-FTR frá Stóra-Kroppi til Reykjavíkur þann 28. mars 2003 var í kjölfar breytingar á flugáætlun flugmannanna sama dag. Tilgangur flugsins var undirbúningur fyrir próf í yfirlandsflugi. Áætlað hafði verið að fara frá Reykjavík til Hellu og aftur til Reykjavíkur en vegna veðurs ákvað flugkennarinn, stuttu eftir flugtak, að snúa við og lenda aftur á Reykjavíkflugvelli. Þar sem ekki reyndist mögulegt að lenda þar vegna snjó-éls, héldu flugmennirnir í átt að Kjalarnesi og síðan að flugvelli á Stóra-Kroppi, þar sem þeir lentu kl. 18:54. Á ratsjármyndunum sést að kl. 19:00 er éljabelti komið inn á land og liggur yfir Hvalfirði og Borgarnesi. Sjónflugsskilyrði voru léleg á Suðvesturlandi þennan eftirmiðdag vegna dimmra élja en við undirbúning flugsins frá Reykjavík höfðu flugmennirnir ekki aflað veðurupplýsinga eins og verklagsreglur Flugskóla Íslands kveða á um að sé gert við undirbúning fyrir yfirlandsflug. Fyrir brottför frá Reykjavíkflugvelli lá því ekki fyrir hvort mögulegt var að fljúga samkvæmt áætlun með tilliti til veðurs. Flugneminn hafði flogið samtals 1,2 stundir í yfirlandsflugi. Það er álit RNF að undirbúningur flugsins frá Reykjavík hefði átt að vera betur í grundaður ekki sist með tilliti til þess hve litla þjálfun flugneminn hafði í yfirlandsflugi.

Við brottför frá Reykjavík var sýnilegur éljabakki að nálgast flugvöllinn úr suðvestri sem flugkennarinn var meðvitaður um. Hann fékk því heimild til flugtaks á

braut 24 í stað 19, sem hafði verið í notkun, til þess að flyta flugtaki og komast þannig hjá élínu. Flugneminn var við stjórnvöl flugvélarinnar þar til 8 mínútum eftir flugtak frá Reykjavíkflugvelli, en þá tók flugkennarinn við og flaug flugvélinni eftir það. Á veðrabrigðaskeyti sem gert var fimm mínútum eftir flugtak TF-FTR frá Reykjavíkflugvelli kom fram að flugvöllurinn var lokaður fyrir sjónflug og var sérstakt veðrabrigðaskeyti sent út þar sem skyggni var komið niður í 600 metra í éljagangi. Skömmu eftir flugtak TF-FTR á Reykjavíkflugvelli var hringt frá flugvelli á Mosfellsbæ í flugturninn á Reykjavíkflugvelli og látið vita að flugvöllurinn í Mosfellsbæ væri „opinn“. Flugturninn kom þeim upplýsingum til flugmanna TF-FTR en að sögn flugkennarans ákvað hann að lenda ekki á flugvelli á Mosfellsbæ því flugbrautin þar væri of mjúk að hans mati. Hélt hann því í norður til Stóra-Kropps í Borgarfirði. Að öllu jöfnu er flugvöllurinn í Mosfellsbæ ekki notaður til æfinga af kennurum eða nemendum í Flugskóla Íslands. RNF telur að skoða hefði mátt betur möguleikann á að lenda þar áður en haldið var til norðurs.

Eftir landingu á Stóra-Kroppi tók að snjóa þar. Flugmennirnir höfðu báðir GSM síma og var flugkennarinn í farsímasambandi við flugturninn á Reykjavíkflugvelli til þess að fylgjast með veðrinu þar. Lítið var eftir á rafhlöðum símanna og að sögn flugkennarans reyndu þeir að spara notkun þeirra af þeim sökum. Flugmennirnir biðu af sér veðrið á Stóra-Kroppi um borð í flugvélinni. Um það bil þegar myrkur var að skella á, stytta upp á Stóra-Kroppi (myrkur á Stóra Kroppi var kl. 20:54) og ákvað flugkennarinn þá að leggja af stað til Reykjavíkur og var flugtak um það bil kl. 20:56. Hann lagði hvorki inn flugáætlun fyrir flugið né aflaði frekari veðurupplýsinga um sjónflugsskilyrði á flugleiðinni til Reykjavíkur. Þá voru um það bil 45 mínútur frá því að flugkennarinn hafði síðast haft samband við flugturninn á Reykjavíkflugvelli. Hann vissi því ekki um annað él sem var á flugleiðinni. Á sama tíma gaf Veðurstofa Íslands út veðurskeyti þar sem meðal annars kom fram að skyggni á Reykjavíkflugvelli var 800 metrar og alskýjað var í 400 feta hæð. Lágmyrkur fyrir sjónflug á Reykjavíkflugvelli eru 5 km skyggni og 1500 feta skýjahæð og var Reykjavíkflugvöllur því lokaður fyrir sjónflug. Það er mat RNF að undirbúningur fyrir flug frá Stóra-Kroppi hefði átt að vera betri, ekki sist í ljósi þess sem á undan hafði gengið.

TF-FTR var skráð til takmarkaðs nætursjónflugs. Samkvæmt skilgreiningu á takmörkuðu nætursjónflugi er því einnig ljóst að TF-FTR hefði ekki átt að leggja svo seint af stað frá Stóra-Kroppi þar sem fljúga varð í myrkri fjarri upplýstum flugvelli.

Þegar TF-FTR var að nálgast Akrafjall var élið að koma yfir Akranes og flugkennarinn sá ljósin þaðan hverfa af völdum þess. Hann freistaði þess að fara austur fyrir Akrafjallið til að kanna möguleikann á að krækja fyrir élið og komast þá leiðina til Reykjavíkur. Þegar inn í Hvalfjörð var komið var élið á leið inn fjörðinn og lokaði því fyrir þann möguleika. Þegar hér var komið sögu voru úrræði flugkennarans fá en hann reyndi að snúa við og komast vestur fyrir Akrafjallið en varð frá að hverfa. Þegar ljóst var að ekki var mögulegt að komast til Reykjavíkur vegna veðurs taldi flugkenn-

arinn of seint að snúa við og lenda aftur á flugvellinum á Stóra-Kroppi sökum myrkurs og vegna þess að flugvöllurinn er ekki útbúinn með flugbrautarljósum. Jafnframt velti hann því fyrir sér að nauðlenda, en taldi of áhættusamt að reyna það í myrkri vegna fjölda háspennulína á svæðinu. Flugkennarinn hóf því að hringfljúga yfir upplýstri spennistöð á Brennimeil norðaustan við Grundartanga í myrkri. Þegar ljóst var að í ógöngur stefndi hefði flugkennarinn átt að reyna að leita aðstoðar flugumferðastjórnar eða hjá nálægum flugvélum.

Nokkrir óskráðir flugvellir eru nálægt slysstaðnum. Einn er á Narfastaðamelum í Leirársveit og annar á Hálsnesi við Hvalfjörð. Þessir flugvellir hafa verið teknir út af sjónflugskorti sem gefið er út af Flugmálastjórn Íslands en voru merktir með krossi á eldri kortum. Það er mat RNF að ef óskráðir flugvellir væru merktir á sjónflugskort þá stuðlaði það að því að einkaflugmenn skoðuðu betur þann möguleika að nýta þá í neyðartilfellum.

Í hringfluginu var skyggni orðið lítið vegna myrkurs og éljagangs og erfitt að hafa stjórn á flugvélinni sökum ókyrrðar. Flugkennarinn missti sjónar af ljósunum frá spennistöðinni og bað flugnemann að fylgjast með fjarlægð flugvélarinnar frá jörðu, meðan hann einbeitti sér við að halda stjórn á flugvélinni. Eftir 11 mínútna hringflug brotlenti flugvélina. Rétt í þann mund sem flugvélina skall í jörðina togaði flugkennarinn í stjórnvölina til fulls til þess að hækka flugið en það dugði ekki til og flugu þeir í suðurhlíð Eystra-Miðfells í um það bil 320 feta hæð yfir sjávarmáli með hreyfilinn á fullu afli. Skömmu fyrir slysið hafði flugkennarinn beðið nemandann um að herða á sætisólum og gerði hann einnig slíkt hið sama. Líklegt er að vel spennt þriggja punkta öryggisbelti hafi bjargað þeim frá frekari meiðslum. Það er mat RNF að skyntruflun eða misáttun (sensory illusion, disorientation) hafi orðið til þess að flugkennarinn var orðinn í vafa um afstöðu flugvélarinnar.

Neyðarsendirinn var staðsettur þannig að eldsneyti úr tönkum flugvélarinnar hefur borist til hans eftir slysið og orðið til þess að hann brann. Loftneti fyrir neyðarsendinn var þannig komið fyrir að það hafnaði í snjó og mögulegt er einnig að snúran á milli sendisins og loftnetsins hafi slitnað.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Flugvélina hafði gilt lofthæfiskírteini og hafði verið viðhaldið í samræmi við gildandi reglugerð og verklag Flugskóla Íslands.
- Viðhaldsbækur flugvélarinnar sýndu að flugvélina var útbúin samkvæmt gildandi reglugerð fyrir sjónflug og takmarkað nætursjónflug.
- Upplýsingar um massa og jafnvægi flugvélarinnar sýndu að massi og jafnvægi voru innan leyfilegra marka.
- Ekkert benti til þess að hreyfill flugvélarinnar eða stjórnþæki hennar hafi starfað óeðlilega fyrir slysið.
- Ekki reyndist unnt að framkvæma prófanir á leiðsögutækjum þar sem þau brunnu í flakinu.
- Flugkennarinn var með gild réttindi til kennsluflugs ásamt blindflugsréttindum.
- Flugmennirnir höfðu fengið næga hvíld fyrir flugið.
- Undirbúningur flugs var ekki í samræmi við verklagsreglur Flugskóla Íslands.

- Möguleiki á að nýta flugvöllinn í Mosfellsbæ var ekki kannaður til hlítar.
- Myrkur var að skella á þegar lagt var af stað frá Stóra-Kroppi til Reykjavíkur.
- Flugvöllurinn á Stóra-Kroppi var utan þeirra takmarkana um nætursjónflug sem flugvélina var skráð fyrir.
- Óflun veðurupplýsinga var ekki nægjanleg fyrir flug frá Stóra-Kroppi til Reykjavíkur.
- Flugkennarinn vissi ekki um seinna éljabeltið sem var á fyrirhugaðri leið frá Stóra-Kroppi til Reykjavíkur.
- Lagt var af stað í flug frá Stóra-Kroppi án þess að leggja inn flugáætlun.
- Veðurskilyrði á áfangastað voru fyrir neðan sjónflugslágmörk þegar lagt var af stað frá Stóra-Kroppi.
- Litlir möguleikar voru til nauðlendingar vegna myrkurs.
- Flugkennarinn lenti í blindflugsskilyrðum í sjónflugi.
- Flugvélina lét illa að stjórn vegna veðurs.
- Þegar slysið varð var snjóél að ganga yfir, skyggni var lítið og komið var myrkur.
- Flugmennirnir voru með þriggja punkta sætisólar spenntar.
- Ekki bárust boð frá neyðarsendi

ORSAKAÞETTIR

- Undirbúningur flugs var ekki í samræmi við verklagsreglur Flugskóla Íslands.
- Myrkur var að skella á þegar lagt var af stað frá Stóra-Kroppi til Reykjavíkur.
- Óflun veðurupplýsinga var ekki nægjanleg fyrir flug frá Stóra-Kroppi til Reykjavíkur.
- Flugkennarinn lenti í blindflugsskilyrðum í sjónflugi.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

RNF beinir því til Flugmálastjórnar Íslands að hún:

1. Bæti aðbúnað á flugvellinum á Stóra-Kroppi í samræmi við aukið vægi hans við flugkennslu.
2. Merki óskráða flugvelli á sjónflugskort.
3. Leiti leiða til þess að neyðarsendar flugvéla séu þannig staðsettir eða þannig útbúnir að minni líkur séu á að þeir skemmist við brotrendingu.

6. Flugatvik TF-ATW við Lagos í Nígeríu 17. febrúar 2003

RNF lauk málinu með bókun 4. júní 2003 (M-01103/AIG-06)

Flugvélina TF-ATW sem er af gerðinni Boeing 747-200 var í aðflugi að flugvellinum í Lagos þegar árekstrarvarinn gaf skipun vegna flugvélar neðan við TF-ATW. Atvikið var tilkynnt til flugmálayfirvalda í Nígeríu en hvorki fékkst staðfest móttaka tilkynningarinnar né önnur viðbrögð frá Nígeríu.

7. Flugatvik TF-ARF við Jedda í Saudi Arabíu 20. febrúar 2003

RNF lauk málinu með bókun 19. september 2003 (M-01203/AIG-07)

Hita- og rafmagnslykt kom upp í farþegarými flugvélarinnar TF-ABP á flugi til Jedda. Eftir landingu flugvélarinnar sem er af gerðinni Boeing 747-200 kom í ljós að lyktin kom frá varmaskipti sem hafði bilað í loftræstikerfi flugvélarinnar.

8. Flugatvik TF-FIH við London í Englandi 23. febrúar 2003

RNF lauk málinu með bókun 2. júní 2004 (M-01403/AIG-08)

Hita- og rafmagnslykt kom upp í farþegarými flugvélarinnar TF-FIH sem er af gerðinni Boeing 757-200 á flugi frá London til Keflavíkur. Flugvélinni var snúið til baka til London og við skoðun tæknimanna eftir landingu kom í ljós að bilun í skjá í lofti farþegarýmis hafði orsakað lyktina. Talið var að um einstakt atvik hafi verið að ræða þar sem flugrekandinn hefur haft skjái sömu gerðar í notkun til margra ára án þess að slík bilun hafi áður orðið.

9. Flugatvik TF-ARA við Buenos Aires í Argentínu 24. febrúar 2003

RNF lauk málinu með bókun 4. júní 2003 (M-01503/AIG-09)

Eldur kom upp í ofni í eldhúsi flugvélarinnar TF-ARA sem er af gerðinni Boeing 767-300 á flugi frá Madrid til Buenos Aires. Eldurinn var slökktur með slökkvitæki og var orsök hans rakin til ofhleðslu matvæla í ofninn. Flugrekandinn gaf út í kjölfarið upplýsingabréf með leiðbeiningum varðandi notkun ofna flugvéla sinna.

10. Flugatvik TF-FIN í Boston í Bandaríkjunum 7. mars 2003

RNF lauk málinu með bókun 2. júní 2004 (M-01703/AIG-10)

Hitaskemmdir fundust á hlífum fyrir ofan hægri hreyfil flugvélarinnar TF-FIN sem er af gerðinni Boeing 757-200 við daglega skoðun á henni í Boston. Ekkert fannst athugavert við skoðun á hreyflinum og við grannskoðun á honum kom ekkert fram sem gat tengst atviki þessu. Talið var að eldur hafi logað út um útblástursrör hreyfilsins í skamman tíma þegar slökkt var á honum og sökum þess hve loftsteymið í gegnum hreyfil var lítið hafi eldurinn náð að teygja sig upp í hlífina fyrir ofan hann.

11. Flugatvik TF-FIN við Punta Cana í Dóminíkanska lýðveldinu 30. mars 2003

RNF lauk málinu með bókun 29. október 2003 (M-01903/AIG-11)

Flugvélin TF-FIN sem er af gerðinni Boeing 757-200 var í aðflugi að flugvellið í Punta Cana þegar árekstrarvarinn gaf skipun um að klifra. Áhöfnin sá aðra flugvél um það bil 500 fetum neðar og 5 til 7 sjómíllur framundan. Atvikið var tilkynnt til dóminíkanskra yfirvalda en engin viðbrögð bárust.

12. Flugatvik TF-OXO við Selfoss 26. apríl 2003

RNF lauk málinu með bókun 19. september 2003 (M-02003/AIG-12)

Flugmaður flugvélarinnar TF-OXO sem er af gerðinni Piper PA22 lenti á flugvellið á Selfossi vegna gangtrufana í hreyfli flugvélarinnar. Við skoðun á hreyflinum kom í ljós að útblástursventill hafði brotnað.

13. Flugatvik TF-ELP við Barcelona á Spáni 2. maí 2003

RNF lauk málinu með bókun 29. október 2003 (M-02203/AIG-13)

Flugvélin TF-ELP sem er af gerðinni Boeing 737-300 var í aðflugi að flugvellið í Barcelona þegar árekstrarvarinn gaf skipun um að klifra. Áhöfnin sá aðra flugvél sem reyndist vera í sjónflugi. Atvikið var tilkynnt til rannsóknarnefndarinnar á Spáni sem tilkynnti RNF að málið hafi verið sent áfram til þarlendrar rannsóknarnefndar flugumferðaratvika. Frekari viðbrögð hafa ekki borist til RNF vegna málsins.

14. Flugatvik TF-KAF á Keflavíkurlflugvelli 9. maí 2003

Skýrsla RNF var gefin út 18. nóvember 2003 (M-02403/AIG-14)

HELSTU STAÐREYNDIR

Þann 9. maí 2003 fór flugmaður í einkaflugi frá Reykjavík til Keflavíkur á flugvélinni TF-KAF sem er fjögurra sæta eins hreyfils stélhjólflugvél af gerðinni Cessna 170. Flugtak var frá Reykjavíkurlflugvelli um kl. 11:10 og var flogið til Keflavíkurlflugvallar. Flugmaðurinn framkvæmdi þriggja punkta landingu á braut 20 og að sögn hans var vindstefna þá 80° og vindstyrkur 12 hnútar. Miðað við stefnu vinds gagnvart brautarstefnu samsvarar það um það bil 6 hnúta meðvindi og 10 hnúta hliðarvindi.

Í landingarbruni leitaði flugvélin til hægri að sögn flugmannsins og þegar hann ætlaði að rétta feril flugvélarinnar af, stélkastaðist hún í hálfhring til vinstri og staðnæmdist á flugbrautinni. Við það skekkist hjólabúnaður og framrúða brotnaði en hvorki loftskrúfa né vængendi snertu jörð. Flugmaðurinn ók síðan flugvélinni að stæði.

Við rannsókn Rannsóknarnefndar flugslýsa fannst ekkert athugavert við stjórnækni og bremsubúnað flugvélarinnar. Það er álit RNF að orsök atviksins sé röng beiting stjórnækja flugvélarinnar í landingu í hliðarvindi.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Engar.

15. Flugslýs TF-FTL á flugvellingum í Stykkishólmi 16. maí 2003

Skýrsla RNF var gefin út 20. október 2003 (M-02503/AIG-15)

HELSTU STAÐREYNDIR

Um flugið:

Föstudaginn 16. maí 2003 ákvað einkaflugmaður að fara í útsýnisflug með einn farþega um Snæfellsnes á flugvellingi TF-FTL sem er af gerðinni Cessna 152. Um var að ræða fyrsta flug flugmannsins með farþega en hann hafði fengið skirteini einkaflugmanns tveimur dögum áður. Eftir hefðbundinn undirbúning með fyrirflugsskoðun var flugtak frá Reykjavíkflugvelli kl. 10:57. Flugmaðurinn flaug flugvellingi leið eitt út úr flugstjórnarsviði Reykjavíkflugvallar og við Kjalarnes hækkaði hann flugið í 5500 feta hæð og tók stefnuna til norðurs í áttina að Stykkishólmi. Yfir Ljósufjöllum hóf flugmaðurinn að undirbúa aðflug að flugvellingum í Stykkishólmi en þar ætlaði hann að framkvæma snertilendingu. Eftir að hafa skoðað aðstæður ákvað hann að nota flugbraut 07 þar sem vindurinn stóð nokkuð beint á þá braut.

Flugmaðurinn taldi að aðflugið hafi verið eðlilegt og lenti hann flugvellingi á bundnu slitlagi sem er á flugbrautarendanum. Flugvélin lenti á aðalhljómunum fyrst og síðan snerti nefhjólíð flugbrautina. Þegar nefhjólíð kom niður á flugbrautina byrjaði flugvélin að hristast mikið og að mati flugmannsins lyftist nefhjólíð aftur af flugbrautinni. Það sama gerðist aftur þegar nefhjólíð snerti flugbrautina í annað sinn og var hristingurinn engu minni en í fyrra skiptið. Flugmaðurinn taldi þetta hafa endurtekið sig nokkrum sinnum en gat ekki metið hversu oft. Að lokum féll flugvélin fram yfir sig og á bakið.

Flugmaðurinn og farþeginn komust sjálfir út úr flugvellingi lítið meiddir.

UMFJÖLLUN OG NIÐURSTAÐA

Vindur á flugvellingum í Stykkishólmi var hægur þegar slysið varð og um 20° frá vinstri miðað við landingarstefnuna. Að mati flugmannsins var aðflugið eðlilegt og landingin eðlileg þar til nefhjólíð snerti flugbrautina, en þá byrjaði mikill hristingur og var eins og nefhjólíð lyftist af flugbrautinni aftur. Ummerki á slyssaðnum sýndu að flugvélin lenti á malbikuðum hluta brautarinnar og tókst á loft aftur og lenti svo þungt á nefhjólínu innar á flugbrautinni. Hún tókst aftur á loft og lenti aftur þungt á nefhjólínu. Alls gerðist þetta fjórum sinnum eða þar til nefhjólleggurinn kiknaði vegna yfirálags og flugvélin féll fram yfir sig. Við rannsóknina fannst ekkert athugavert við flugvélinu, kerfi hennar eða stjórn-

tæki sem orsakað gat slysið. Nokkurt slit fannst í tregðuörpum nefhjólsskýringar flugvélarinnar en slíkt slit veldur því að þungt er að stýra flugvél í akstri á litlum hraða. Áhrif þess minnkar um leið og hraðinn eykst og hliðarstýrið tekur við. Slitið í tregðuörmunum hafði því að mati RNF ekki áhrif á þeim hraða sem flugvélin var á þegar slysið varð.

Það er álit RNF að reynsluleysi flugmanns og röng viðbrögð séu líklegasta orsök þess að slysið varð. Líklega hefur flugmaðurinn ýtt stýri flugvélarinnar fram þegar flugvélin hófst aftur á loft eftir þunga landingu og komið af stað atburðarás sem endaði með því að nefhjólleggurinn kiknaði vegna yfirálags.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Engar.

16. Flugatvik TF-VHH á Bessastaðavegi 31. maí 2003

Skýrsla RNF var gefin út 18. nóvember 2003 (M-02703/AIG-16)

HELSTU STAÐREYNDIR

Þann 31. maí 2003 var flugmaður flugvélarinnar TF-VHH sem er af gerðinni Cessna 185 að koma til landingar á Reykjavíkflugvelli eftir flug frá Patreksfirði. Þegar flugvélin var að koma inn á lokastefnu brautar 13 dró flugmaðurinn af afli hreyfilsins og hóf lokaaðflug til landingar. Á stuttri lokastefnu ákvað flugmaðurinn að draga aflið alveg af þar sem honum fannst flugvélin of hátt og hraði hennar of mikill. Hann dró handfang eldsneytisgjafarinnar út án þess að breyting yrði á afli hreyfilsins. Þá ýtti hann handfanginu aftur inn en aflið hélst áfram óbreytt og áttaði flugmaðurinn sig þá á því að hann hafði ekki stjórn á afli hreyfilsins. Flugvélin var nú komin inn yfir flugbrautarendann og var í 600 til 700 feta hæð. Ákvað flugmaðurinn því að hætta við landingu og beygði hann flugvellingi til hægri með það í huga að lenda á flugbraut 01. Þegar flugvélin var komin út yfir Skerjafjörðinn sá flugmaðurinn að hraðinn var að nálgast lágmark og að flughæðin var um 500 fet en flugvélin lækkaði flugið um 50 til 100 fet á mínútu. Hann mun hafa talið ráðlegra að reyna landingu á Álftanesi frekar en að taka krappa beygju til landingar á flugbraut 01 á Reykjavíkflugvelli. Flugmaðurinn undirbjó nauðlendingu og skimaði jafnframt eftir hentugum stað til landingar. Þegar flugvélin var yfir Bessastaðanesi var hún í um 300 feta hæð og ákvað flugmaðurinn að lenda á afleggjaranum að Bessastöðum sem hann taldi hentugasta landingarstaðinn. Hann hóf aðflug, slökkti á hreyflinum á stuttri lokastefnu og lenti flugvellingi til norðurs á Bessastaðavegi kl. 20:58.

Við rannsókn RNF á flugvellingi á vettvangi kom í ljós að barki eldsneytisgjafarinnar hafði farið úr sambandi þar sem hann tengist við eldsneytisgjöf hreyfilsins. Barkinn á að vera festur við eldsneytisgjöfina með bolta og ró og var líklegt að boltinn hafi losnað úr tengingunni. Samkvæmt hlutahandbók framleiðanda flugvélarinnar (Illustrated Parts Catalog) á þessi tenging að vera með sjálfþæsandi ró (Self-Locking Nut).

Samkvæmt viðhaldsáætlun framleiðandans á að skoða ofangreinda tengingu á 100 flugstunda fresti. Síðasta 100 flugstunda skoðun á TF-VHH var 26 dögum fyrir atvikið og hafði flugvélinni verið flogið sex flugstundir frá þeirri skoðun. Samkvæmt upplýsingum flugvéltækni flugvélarinnar mun tengingin þá hafa verið skoðuð en ekkert athugavert komið í ljós. Flugvéltæknirinn kvaðst ekki muna hvort tenging eldsneytisgjafarinnar hafi verið með sjálfæsandi ró eða kastalaró.

Það er álit RNF að við tengingu barka eldsneytisgjafarinnar við eldsneytisgjöf hreyfilsins hafi verið notuð kastalaró sem hafi losnað þannig að tengingin fór úr sambandi. Ekki er ljóst hvort öryggispinnann hafi vant að á róna eða hvort slitinn öryggispinni hafi verið notaður sem hafi losnað. RNF telur að rétt framkvæmd 100 flugstunda skoðun hafi átt að kom í veg fyrir atvikið, enda einungis sex flugstundir liðnar frá þeirri skoðun þegar atvikið átti sér stað.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Engar.

17. Flugatvik TF-JMC við Sauðárkrók 29. maí 2003

RNF lauk málinu með bókun 3. október 2003 (M-02603/AIG-17)

Áhöfn flugvélarinnar TF-JMC sem er af gerðinni DHC6 var í æfingaflugi yfir Skagafirði og hugðist framkvæma aðflug að flugvellinum á Sauðárkróki. Flugstjórn hringdi til Sauðárkróks til að fá uppgefinn loftþrýsting (QNH) og sá sem svaraði gaf upp að loftþrýstingurinn á Sauðárkróki væri 994 hPh. Þegar upplýsingarnar voru gefnar TF-JMC óskaði áhöfnin eftir staðfestingu þar sem loftþrýstingurinn á Akureyri var 1015 hPa. Kom þá í ljós að starfsmenn flugvallarinnar á Sauðárkróki könnuðust ekki við að hringt hafi verið til þeirra til að fá uppgefinn loftþrýsting. Þeir upplýstu flugstjórn um að loftþrýstingurinn á Sauðárkróki væri 1015 hPa. Ekki reyndist mögulegt að finna út hver svaraði símanum í fyrra símtalinu.

18. Flugatvik TF-FKR á Reykjavíkurlflugvelli 17. júní 2003

Skýrsla RNF var gefin út 16. apríl 2004 (M-02903/AIG-18)

HELSTU STAÐREYNDIR

Flugmaður fór með þrjá fallhlífastökkvara á flugvélinni TF-FKR sem er af gerðinni Cessna 206 frá Reykjavíkurlflugvelli til Grindavíkur. Áætlað var að fallhlífastökkvararnir myndu framkvæma sýningarstökk en flugvélin er sérstaklega útbúin til þess að flytja fallhlífastökkvara. Ekki reyndist unnt fyrir fallhlífastökkvarana að stökka yfir Grindavík sökum lágrar skýjahæðar og flaug flugmaðurinn því með þá til baka til Reykjavíkur og lenti þar á flugbraut 13. Aðflugið og landingin var eðlileg að mati flugmannsins en í landingarbruni, eftir

að nefhjól flugvélarinnar snerti blauta flugbrautina, byrjaði hún að leita til hægri og reyndist flugmanninum ekki unnt að leiðrétta það með beitingu hliðarstýris/nefhjólsskýris. Hann hemlaði á vinstra aðalhjóli en engu að síður hafnaði flugvélin á öryggissvæði hægra megin við flugbrautina. Eftir að flugvélin hafði stöðvast gaf flugmaðurinn hreyfli hennar aftur afl og ók henni inn á flugbrautina og síðan að stæði í Fluggörðum þar sem hann gekk frá flugvélinni.

Í undirbúningi fyrir flugið framkvæmdi flugmaðurinn meðal annars fyrirflugsskoðun á flugvélinni en við hana kom ekkert athugavert fram. Flugmaðurinn fann heldur ekkert að stýrisbúnaði flugvélarinnar, hvorki í akstri fyrir flugtak né í akstri að stæði eftir að flugvélin hafði farið út af flugbrautinni. Ekki voru sjáanlegar skemmdir á stýrisbúnaðinum við skoðun eftir atvikið. Að sögn flugmannsins hefur flugvélin ávallt verið þung í stýrum þegar ekið er á litlum hraða.

Við skoðun flugvéltækni eftir atvikið kom í ljós að boltafesting fyrir „skæri“ á nefhjóli var brotin sem líklega hefur valdið því að við beitingu hliðarstýris/nefhjólsskýris hefur nefhjólið skekkst þannig að flugvélin leitaði til hliðar. Erfiðlega reyndist að losa boltann þar sem hann var ryðgaður fastur í boltafestingunni.

Við rannsókn á „skærunum“ og boltafestingu kom í ljós að smurkoppur fyrir boltann og boltafestinguuna var stíflaður og virtist ekki hafi verið smurt gegnum hann nýlega. Aðrir koppar á „skærunum“ virtust hafa verið smurðir nýlega.

Samkvæmt þjónustuhandbók flugvélarinnar (Service Manual) skal smyrja í ofangreinda smurkoppa á 50 flugstunda fresti, en oftar ef rekstur flugvélarinnar er í rykugu umhverfi. Eftir að búið var að lagfæra ofangreint var flugvélin óaðfinnanleg í akstri að sögn flugmannsins.

Við rannsókn á atvikinu kom ennfremur fram að stuttu fyrir atvikið munu flugmenn, sem flogið hafa flugvélinni, hafa bent umsjónarmanni hennar og flugvéltækni á nokkur atriði sem gáfu til kynna að óöruggt væri að starfrækja flugvélinna. Þar munu meðal annars hafa komið fram upplýsingar um að beita þyrfti hliðarstýri/nefhjólsskýri óeðlilega mikið til vinstri í akstri til þess halda flugvélinni í beinni stefnu, ennfremur mun hafa komið fram að flugvélin hafi leitað til hægri í landingum. Þessar athugasemdir höfðu ekki verið skráðar í dagbók flugvélarinnar af flugmönnum hennar.

Það er álit RNF að orsök atviksins megi rekja til þess að boltafesting fyrir skæri nefhjólsskýris hafi brotnað vegna skorts á smurningu. Ekki er ljóst hvenær festingin brotnaði en RNF telur að ef farið hefði verið eftir fyrir mælum í þjónustuhandbók flugvélarinnar varðandi smurningu á skærum nefhjólsskýris hefði atvikið ekki átt sér stað.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

RNF beinir því til Flugmálastjórnar Íslands að hún: Hvetji til þess að verklag við skráningu frávíka í flugdagbækur sé fylgt eftir af flugmönnum í einkaflugi. RNF hefur nokkrum sinnum gert samsvarandi tillögu í öryggisátt, meðal annars í skýrslu um flugatvik sem átti sér stað á Höskuldavöllum þann 11. maí 2002.

19. Flugatvik LY-ARS á Reykjavíkurlflugvelli 29. júní 2003

Skýrsla RNF var gefin út 26. apríl 2004 (M-03003/AIG-19)

FACTUAL INFORMATION

History of the flight:

The aircraft, a Piper PA30, departed Bergen Norway (ENBR) at 13:00 hrs on 29 June 2003 for a flight to Reykjavik Iceland (BIRK). The purpose of the flight was to celebrate a 70 year anniversary of the first flight between Kaunas, Lithuania and New York, USA. This was the second leg of the flight to New York.

During the flight preparation in Bergen the commander received weather information for Reykjavik. The forecast (TAF) for Reykjavik from 12:00 hrs to 21:00 hrs was wind 120° 5 knots, visibility more than 10 kilometres, few clouds at 800 feet, broken clouds at 2500 feet. Temporarily between 12:00 hrs and 15:00 hrs, visibility 8 kilometres in light rain and drizzle. Becoming between 15:00 hrs and 18:00 hrs, 340° 5 knots.

The commander filed an IFR flight plan for the flight to Reykjavik. Bergen and Vaagar (EKVG), Faroe Islands, were filed as alternate airports and the flying time to Reykjavik was estimated 6 hours. According to the flight plan the aircraft had endurance for 10 hours flight. The departure from Bergen was uneventful and the aircraft climbed to FL100. Later in the flight the aircraft climbed to FL120 and maintained that level until descending for the approach to Reykjavik.

At 15:32 hrs a special weather report (SPECI) was issued by the Icelandic Meteorological Office for Reykjavik Airport which was substantially different from the forecast the commander received prior to departing Bergen. According to the report the weather at 15:30 hrs was, wind 310° 5 knots, visibility 2 kilometres, fog in the vicinity, few clouds at 300 feet, overcast cloud at 800 feet.

During descent, the commander was informed by Reykjavik Approach Control that runway 19 were in use at Reykjavik Airport. He was given radar vectors to intercept the localizer. At 18:59:12 hrs, after approximately 6 hours flight, the commander was cleared for an ILS (Instrument Landing System) approach to runway 19 and at 19:00:37 hrs he confirmed that the aircraft was established on the localizer. The aircraft was then handed over to Reykjavik Tower. At 19:02:14 hrs the commander reported five miles on the ILS and the Tower controller cleared the aircraft to land on runway 19. The commander also received a weather update from the Tower controller stating the wind to be 330°, 3 knots and the cloud ceiling between 250 and 300 feet. According to the commander, he considered the cloud ceiling information reported to be in meters.

At 19:04:23 hrs the Tower controller noticed on the radar screen that the aircraft was higher than normal on the glide path and queried for the current altitude. The commander reported 1000 feet and according to the controller the altitude of the aircraft was subsequently corrected.

The commander had visual contact with the ground

when the aircraft was over the Middle Marker (MM). The altitude of the aircraft was then approximately 300 feet. In the commander's report, he states that at this time he looked up from the instruments and began to look for the runway. After a few moments he saw a runway in front of the aircraft running almost perpendicular to its course. The commander also states to have had obstacles to the left of the aircraft including the church tower (356 feet) in visual contact at this time. As the extended centreline of the runway was to the left of the aircraft the commander turned left to line the aircraft up with the runway. However when the aircraft neared he discovered that the aircraft was approaching runway 24 and that runway 19 was to the aircraft's right. The commander therefore turned sharply to the right to manoeuvre the aircraft for a landing on runway 19. The LY-ARS radar plot shows that the aircraft starts to deviate to the left from the extended centreline of the runway at or just before the Middle Marker (MM).

The controller at Reykjavik Tower was looking towards the area where he expected the aircraft to appear on the approach when he saw the aircraft flying east of the extended centreline for runway 19. According to the controller the aircraft was on a south-easterly heading when it turned right, flew over runway 24 and landed at 19:05 hrs on runway 19, just after passing the intersection of runway 13/31.

The aircraft landed approximately 1,000 metres from the threshold of the 1,567 metres long runway. After landing the commander discovered that the remaining runway was not sufficient to safely stop the aircraft and therefore elected to take-off again for another approach. At 19:06:04 hrs the commander contacted Reykjavik Tower requesting visual approach. The Tower controller, in accordance with the missed approach procedure, directed the commander to turn right, climb and contact Reykjavik Approach Control.

Í aðflugi flugvélarinnar að flugvellinum á Bíldudal varð áhöfnin vör við um 300 feta misræmi milli ratsjáhæðarmælisins og þrýstingshæðarmælanna og eftir landingu sýndu þrýstingshæðarmælur flugvélarinnar 325 fet þar sem hún var á flugbrautinni en flugvöllurinn er í 25 feta hæð yfir sjávarmáli. Flugmennirnir fóru því upp í flugturninn til að skoða loftvogina og kom þá í ljós að loftþrýstingur var 1018 hPa en ekki 1028 hPa eins og gefið hafði verið upp. Í samtölum við flugvallarvörðinn við rannsókn á atvikinu taldi hann að aflestrarvilla hafi valdið því að rangur loftþrýstingur var gefinn upp.

Loftvogin í flugturninum á flugvellinum á Bíldudal er staðsett í borði framan við sæti flugvallarvarðarins. Hún hefur einn vísi en endi vísins er tvöfaldur til að koma í veg fyrir villu vegna sýndarfærslu við álestur. Mælirinn er ekki stafrænn (digital) heldur er loftþrýstingurinn lesinn af kvarða á skifu mælisins undir nálinni.

Loftvogir í flugturnum Flugmálastjórnar Íslands eru ekki teknar úr umferð og prófaðar sérstaklega nema ástæða sé talin til þess eða grunur leiki á að um ónákvæmni í tækinu sé að ræða. Sama gildir um vindstefnu- og styrkmæla flugvallanna. Engar skriflegar reglur eru til fyrir slíkar prófanir. Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn Íslands vinnur stofnunin að gerð verklagsreglna varðandi viðhald og prófanir á tækjum til upplýsingagjafar í flugturnum landsins.

Engar reglur eru til hjá Flugmálastjórn Íslands varðandi síþjálfun flugvallarvarða. Flugvallarvörðurinn á Bíldudalsflugvelli tók til starfa árið 1995 og fór þá í gegnum grunnþjálfun. Vorið 2003 fór hann á síþjálfunarnámskeið þar sem meðal annars var farið yfir vinnubrögð vegna sendinga á veðurskeytum.

Engar sérstakar heilbrigðiskröfur eru gerðar til flugvallarvarða og ekki eru gerðar kröfur um að þeir fari í heilbrigðisskoðanir reglulega eins og flugmenn og flugumferðarstjórar.

Þrjú atvik hafa orðið héraendis á síðustu fimm árum þar sem rangur loftþrýstingur var gefinn til áhafna flugvéla. Eitt þessara atvika sem varð árið 1998 var rannsakað af RNF. Í rannsóknarskýrslu nefndarinnar voru fjórar tillögur um úrbætur í flugöryggismálum gerðar. Ekki verður annað séð en að tvær tillagnanna eigi við í atviki TF-ELH en það er annars vegar tillagan um að komið verði fyrir tækjum til hljóðritunar fjarskipta á áætlanarflugvöllum að minnsta kosti og hins vegar til laga um að Flugmálastjórn komi á skipulögðu kerfi prófana á tækjum sem flugumferðarstjórar og flugradíómenn nota til upplýsingagjafar. Þrátt fyrir að Flugmálastjórn hafi í svari sínu til RNF um framkvæmd tillagna í öryggisátt árið 1998 sagt að verið væri að vinna að umræddum tillögum hafði þeim ekki verið hrint í framkvæmd þegar atvik TF-ELH varð.

Eftir fund með RNF í kjölfar atviksins gerði flugumferðarþjónustusviðið tillögur til flugvalla- og leiðsögu sviðs um úrbætur um hvernig megi minnka líkurnar á að atvik sem þetta endurtaki sig. RNF er sammála um

tillögurnar og telur að þær komi til með að auka flugöryggi verði þær framkvæmdar.

Ljóst er að skekkja sú er kom fram við upplýsingagjöf flugvallarvarðarins á loftþrýstingi er komin til vegna aflestrarskekkju hans af loftvoginni. Meðverkandi þáttur getur verið sá að loftþrýstingur var búinn að vera hár dagana fyrir atvikið og nálægt þeim þrýstingi sem flugvallarvörðurinn gaf upp vegna flugs TF-ELH. Mikið misræmi var á milli uppgefins loftþrýstings á flugvellinum á Bíldudal og loftþrýstingi annarsstaðar á þessu svæði. Flugmenn TF-ELH, flugumferðarstjóri í flugstjórn og flugvallarvörðurinn á Bíldudal véfengdu ekki upplýsingarnar. Ef til vill hefði þetta mikla misræmi átt að vekja menn til umhugsunar um að eitthvað væri athugavert. Ljóst er að ef samanburður hefði verið gerður á svæðis- (regional) loftþrýstingi og þeim loftþrýstingi sem gefinn var upp af flugstjórn við lækkun flugvélarinnar út úr stjórnunni hefði skekkjan komið fram.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

RNF beinir eftirfarandi tillögum til Flugmálastjórnar Íslands en tillögurnar byggja á tillögum flugumferðarþjónustusviðs Flugmálastjórnar vegna atviksins:

1. Að stofnunin setji vinnureglur um samanburð á loftþrýstingi staðar við loftþrýsting svæðis (region).
2. Að settar verði hertar reglur um aðgengi óviðkomandi fólks að vinnustöð flugvallarvarða í flugturni til að koma í veg fyrir truflun.
3. Að kannað verði hvort æskilegt sé að koma upp loftþrýstingsmælum í flugturnum landsins með stafrænan „digital“ aflestur til að minnka líkur á röngum aflestri.
4. Að flugvallarvörðum verði gert að uppfylla ákveðnar heilbrigðiskröfur hvað varðar sjón og heyrn.

Jafnframt ítrekar RNF tvær tillögur sem gerðar voru eftir flugatvik TF-FIR við Húsavíkurflugvöll hinn 22. júní 1998 en þær hljóðuðu svona:

5. Rannsóknarnefnd flugslysa ítrekar tillögu sem flugslysanefnd gerði í rannsóknarskýrslu sinni eftir flugslys TF-ORN í Ísafjarðardjúpi hinn 21. janúar 1987, en hún var svohljóðandi:
„Komið verði fyrir tækjum til hljóðritunar fjarskipta á a.m.k. áætlanarflugvöllum og varatæki sé tiltækt til uppsetningar ef/á meðan tækið er tekið til viðgerðar“.
6. Rannsóknarnefnd flugslysa leggur til við Flugmálastjórn, að komið verði á skipulögðu kerfi prófana á tækjum sem flugumferðarstjórar og flugradíómenn nota til upplýsingagjafar, svo sem loftvogum, vindstyrk- og stefnumælum. Ennfremur að haldin verði kerfisbundin skrá yfir slíkar prófanir. Þetta verði hluti formlegrar úttektar og viðurkenningar á flugvellinum og búnaði hans.

32. Flugslys TF-SAC á Sandskeiði 7. september 2003

Skýrslu RNF var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verður útdráttur hennar að bíða næstu ársskýrslu (M-05703/AIG-32)

Slysið varð þegar verið var að draga sviðfluguna TF-SAC á loft með dráttarspili á Sandskeiði. Svifflugan sem er af gerðinni ASK 21 skall harkalega til jarðar og skemmdist mikið. Flugmaðurinn slasaðist töluvert.

33. Flugatvik TF-JML á Reykjavíkflugvelli 11. september 2003

Rannsókn RNF var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu (M-05803/AIG-33)

Atvikið varð í landingu flugvélarinnar TF-JML sem er af gerðinni Fairchild SA-227DC á Reykjavíkflugvelli. Öll aðalhljól flugvélarinnar festust í landingarbruninu og sprakk á þremur af fjórum hjólbörðum aðalhjólanna hennar.

34. Flugatvik TF-ATC við Orlando í Bandaríkjunum 21. ágúst 2003

RNF lauk málinu með bókun 5. febrúar 2004 (M-05303/AIG-34)

Áhöfn flugvélarinnar TF-ATC sem er af gerðinni Boeing 747-200 var í aðflugi að alþjóðaflugvelli í Orlando þegar árekstrarvarinn gaf skipun um lækkun vegna umferðar. Flugmennirnir kom auga á aðra flugvél fyrir ofan og til hliðar við TF-ATC og fylgdust þeir með henni á meðan lækkuninni stóð. Atvikið var tilkynnt til rannsóknarnefndarinnar í Bandaríkjunum sem upplýsti að þeir sæju ekki ástæðu til að rannsaka málið frekar.

35. Flugatvik TF-FIG á Keflavíkflugvelli 19. október 2003

Rannsókn RNF var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu (M-06503/AIG-35)

Áhöfn vöruflytningaflugvélarinnar TF-FIG sem er af gerðinni Boeing 757-200F varð vör við að flugvélin náði ekki tilætluðum afköstum í flugtaki. Eftir landingu kom í ljós að misræmi var á milli raunverulegrar hleðslu flugvélarinnar og upplýsinga á hleðsluskrá bæði hvað varðaði massa og jafnvægi. Við rannsókn kom í ljós að hleðsla flugvélarinnar hafði verið innan hleðslumarka gefnum út af framleiðandanum.

36. Flugatvik TF-ATY yfir Líbýu 9. nóvember 2003

RNF lauk málinu með bókun 5. febrúar 2004 (M-06903/AIG-36)

Áhöfn flugvélarinnar TF-ATY sem er af gerðinni Boeing 767-200 var í farflugi yfir Líbýu í FI 350 þegar árekstrarvarinn gaf skipun um lækkun. Í lækkuninni mætti TF-ATY flugvél á gagnstæðum ferli og 700 fetum ofar. Atvikið var tilkynnt til flugmálayfirvalda í Líbýu en engin viðbrögð hafa borist vegna málsins.

37. Flugslys TF-FTT á flugvelli í Raufarhöfn 1. desember 2003

Skýrsla RNF var ekki tilbúin þegar ársskýrslan fór í prentun og verður útdráttur úr henni því að bíða næstu ársskýrslu (M-07203/AIG-37)

Slysið átti sér stað þegar flugkennari hjá Flugskóla Íslands var með flugnema í yfirlandsflugi á flugvelli TF-FTT sem er af gerðinni Cessna 152. Áætlað var að fljúga frá Reykjavík til Þórshafnar, Akureyrar og aftur til Reykjavíkur. Skömmu eftir flugtak frá flugvelli í Raufarhöfn var ákveðið að yfirfljúga flugvöllinn á Raufarhöfn en flugkennarinn hafði fengið upplýsingar um að flugvöllurinn væri lokaður þar sem talsverður snjór var á flugbrautunum. Eftir að hafa yfirflugið eina flugbrautina var flugvélinni klifrað bratt upp og snúið til baka til þess að yfirfljúga brautina í hina áttina. Þegar flugvélin var komin vel fram fyrir miðju flugbrautarinnar snerti hún flugbrautina og nefjólíð grófst í snjóinn þannig að nefhjólleggurinn kiknaði og flugvélin stakst á nefið.

38. Flugatvik CLX773 og AAL87 í íslenska flugstjórnarsvæðinu 15. nóvember 2003

Rannsókn RNF á atvikinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu (M-07103/AIG-38)

Aðskilnaðarmissir varð milli flugvéla CLX773 sem er af gerðinni Boeing 747-400 og AAL87 sem er af gerðinni Boeing 777-200 í FI 330 við 63N 025V. Flugumferðarstjóri lét CLX773 lækka í FI 320 til að koma aftur á aðskilnaði þegar hann áttaði sig á ástandinu. Við rannsóknina kom fram að árekstrarhætta hafði ekki skapast.

39. Flugatvik TF-ELN á Reykjavíkflugvelli 31. desember 2003

Skýrslu RNF var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verður útdráttur hennar að bíða næstu ársskýrslu (M-07503/AIG-39)

Atvikið varð í landingu flugvélarinnar TF-ELN sem er af gerðinni Boeing 737-300 á Reykjavíkflugvelli. Ís var á flugbrautinni og í landingarbruninu rann flugvélin til og hafnaði þversum á öryggisvæði við enda flugbrautarinnar.

40. Flugatvik TF-JME á Reykjavíkflugvelli 23. desember 2003

Rannsókn RNF á atvikinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu (M-07603/AIG-40)

Áhöfn flugvélarinnar TF-JME sem er af gerðinni Fairchild SA-227DC varð vör við að flugvélin náði ekki tilætluðum afköstum í flugtaki. Eftir landingu kom í ljós að misræmi var á milli raunverulegrar hleðslu flugvélarinnar og upplýsinga á hleðsluskrá bæði hvað varðaði massa og jafnvægi.

41. Flugatvik TF-ELD við Marseille í Frakklandi 30. nóvember 2003

RNF lauk málinu með bókun 2. júní 2004 (M-07403/AIG-41)

Áhöfn flugvélarinnar TF-ELD sem er af gerðinni Boeing 737-400 var í farflugi nálægt Marseille í Fl 220 þegar árekstrarvarinn gaf skipun um lækkun. Í lækkuninni mætti TF-ELD flugvél á gagnstæðum ferli sem var með heimild í Fl 230. Atvikið var tilkynnt til Rannsóknarnefndar flugslysa í Frakklandi (BEA) en engin viðbrögð hafa borist vegna málsins.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Rannsóknarnefnd flugslysa gerðir 19 tillögur um úrbætur í flugöryggismálum í rannsóknnum sínum á árinu 2003. Flestum tillögnum var beint til Flugmálastjórnar Íslands en nokkrum var beint til annarra stofnana og fyrirtækja.

Eftirfarandi eru þær tillögur sem Rannsóknarnefnd flugslysa gerði árið 2003 ásamt formlegum viðbrögðum þeirra aðila sem tillögnum var beint til. Jafnframt eru birtar hér þær tillögur sem gerðar voru af erlendum rannsakendum á árinu og beint til íslenskra aðila.

M-00602/AIG-02, flugatvik TF-FIO við Gardermoen flugvöll í Noregi 22. janúar 2002

Endurútgáfa RNF á skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa í Noregi um málið er dagsett 22. janúar 2003 og var þremur tillögum um úrbætur í flugöryggismálum beint til flugrekanda flugvélarinnar.

1. The company should also review the flight crew training regarding an unstabilized approach by a go-around.
2. That the company should consider its plan for colleague support in relation to accident and incidents.
3. That the company should consider utilizing the quick access recorders for continuous monitoring of flight operations standards.

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Matsnefnd flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands (FÖS) tekur undir tillögurnar. FÖS skoðaði málið strax í upphafi og var sátt við ráðstafanir flugrekandans. FÖS skoðaði flugritann og fylgdist með breytingum flugrekandans á þjálfunaráætlunum. Ennfremur kom FÖS ábendingum til hins norska rannsóknaraðila. Flugrekandinn hefur breytt þjálfunaráætlunum sínum og hefur komið á sérstöku verkefni til að fylgjast stöðugt með starfsaðferðum í flugi, þ.e.a.s. vöktun á flugritum. Ennfremur er matsnefndinni kunnugt um að félagið hefur endurbætt starfsreglur sínar ef flugatvik á sér stað svo og gert samstarfssamning við fagmenn hvað varðar stuðning við sitt fólk ef óvanaleg atvik eiga sér stað.

Viðbrögð flugrekanda flugvélarinnar:

Tillaga 1: Í tveimur hæfniprófum sem haldin voru í kjölfar birtingu tillögunnar voru sérstakar flugæfingar

þar sem þetta atriði var æft sérstaklega. Í þeirri vinnu sem nú stendur yfir varðandi uppbyggingu reglubundinna hæfniprófa er ráðgert að slíkar æfingar verði framkvæmdar í hæfniprófum þriðja hvert ár.

Tillaga 2: Vinnuhópur var skipaður til að koma að tillögnum til úrbóta. Þessari vinnu er ekki lokið. Áætluð verklok eru í október 2004.

Tillaga 3: Fest hafa verið kaup á gagnaöflunarkerfi og er uppsetningu lokið. Gagnasöfnun er hafin til reynslu samkvæmt innleiðingaráætlun. Formleg verklok eru áætluð í október 2004.

M-00902/AIG-01, flugatvik TF-FIJ á Keflavíkurflugvelli 9. janúar 2002

Skýrsla RNF um málið kom út 24. janúar 2003 og voru þrjár tillögur um úrbætur í flugöryggismálum gerðar.

RNF beindi því til:

1. Flugrekanda flugvélarinnar að merkingar á flugvélum félagsins sem ætlaðar eru til leiðbeiningar og viðvörðunar fyrir starfsfólk séu yfirfarnar við reglubundnar skoðanir flugvéllanna.
2. Flugafgreiðslu flugvélarinnar að í ný- og endurbjálfun starfsfólks verði lögð áhersla á að kynna kerfi þeirra flugvéla sem þeir starfa við að jafnaði og varðar störf þeirra.
3. Flugafgreiðslu flugvélarinnar að hún endurskoði verklag við afgreiðslu flugvéla með tilliti til öryggis starfsfólks.

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Tillaga 1: Matsnefndin tekur undir tillögur RNF. FÖS hefur ekki beint eftirlit með IGS eða annarri samþærilegri starfsemi nema í gegnum flugrekendur en í því eftirliti hefur komið fram að IGS hefur að gefnu tilefni breytt starfsaðferðum sínum. Flugrekandinn hefur endurbætt verklag sitt varðandi merkingar og er því fylgt sérstaklega eftir í úttektum FÖS með flugrekendum með stór loftför.

Viðbrögð flugrekanda flugvélarinnar:

Tillaga 1: Stofnaður hefur verið verkþáttur (Task) í viðhaldakerfum flugvéla til að mæta tillögu RNF. „Task 57-11-00-00-01 Inspect/renew all FAA required placards“ var stofnað og verður framkvæmt í annarri hverri C-skoðun.

Viðbrögð flugafgreiðslu flugvélarinnar:

Tillaga 2: Sérstök áhersla er nú lögð á kynningu kerfa véla sem þjónustaðar eru af IGS. Það er nú gert á námskeiði sem heitir „Öryggi á hlaði“. Kennslugögn, sem notuð eru, koma meðal annars úr viðhaldsbókum viðkomandi véla til glöggvunar í þjálfun.

Tillaga 3: Breyting á verklagi við afgangi flugvéla með tilliti til öryggis starfsfólks. „Öryggi á hlaði“ og verklag úr rekstrarhandbók flugrekandans eru notaðar til þjálfunar á öryggi starfsmanna við afgangi flugvéla.

M-02602/AIG-08, flugatvik TF-FTL við Höskuldavelli 11. maí 2002

Skýrsla RNF um málið kom út 24. janúar 2003 og voru tvær tillögur um úrbætur í flugöryggismálum gerðar.

RNF beindi því til Flugmálastjórnar Íslands að:

1. Hún geri ráðstafanir sem tryggja að viðhaldsaðili flugskólans tileinki sér agaðri vinnubrögð og fylgi eftir leiðbeiningum framleiðanda flugvéla um viðhald og eftirlit eldsneytiskerfa þeirra.
2. Hún gangi eftir því að verklag við skráningu frávíka í flugdagbækur, svo sem leka eða óhreininda í eldsneytiskerfi, sé fylgt eftir af flugmönnum, flugkennurum og nemendum flugskólans.

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Tillaga 1: Matsnefnd FÖS tekur undir tillögu RNF og hafði lofthæfideild FÖS þegar samband við viðhaldsaðila flugskólans, með bréfi og fór fram á að verklag við eftirlit með eldsneytiskerfum yrði tekið til skoðunar. Viðhaldsaðili flugskólans hefur gert ráðstafanir til að endurnýja alla „Fuel Strainer Bowls“ sem nauðsynlegt er að gera um leið og varahlutir berast og vélar koma inn til skoðunar. Þetta atriði hefur einnig verið sett á gátlista viðhaldsaðilans fyrir 100 tíma skoðanir. Lofthæfideild FÖS telur viðhaldsaðilann hafa brugðist við með fullnægjandi hætti og málinu lokið af þeirra hálfu.

Tillaga 2: Matsnefnd FÖS tekur undir tillögu RNF og er lögð sérstök áhersla á þetta atriði í úttektum á flugskólum nú um sinn.

M-04602/AIG-15, flugatvik TF-ULF við Dagverðarnes í Dalasýslu 21. júní 2002

Skýrsla RNF um málið kom út 8. maí 2003 og voru þrjár tillögur um úrbætur í flugöryggismálum gerðar.

RNF beindi því til Flugmálastjórnar Íslands að hún:

1. Sjá til þess að snúningshraðamælur flugvéla með „Sensenich“ 76EMM loftskrúfur og „Lycoming“ O-360 hreyfla með holan sveifarás verði kvarðaðir með reglulegu millibili.
2. Upplýsi flugmenn og flugvéltækna um sýndarfærslu („parallax“) í mælitækjum og hættuna sem henni getur fylgt.

3. Tryggi í eftirliti sínu með viðhaldi lítilla flugvéla að viðhaldsaðgerðir á flugvélum og íhlutum þeirra séu skráðar á viðeigandi hátt í viðhaldsdagbækur og/eða vinnupappíra. RNF hefur gert samskonar tillögu áður, m.a. eftir rannsókn á flugslysi í TF-HRB 5. júní 1995 (M-07595).

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Tillaga 1: Matsnefnd FÖS tekur undir tillögu RNF. Viku eftir atvikið eða 5. júlí 2002 sendi lofthæfideild FÖS út upplýsingabréf til umráðenda flugvéla með loftskrúfu af gerðinni „Sensenich“ 76EM. Í bréfinu er gengið eftir því að tryggt sé að ákveðnum lofthæfifyrirmælum verði fylgt eftir og að snúningshraðamælur sýni rétt á „kítisku“ bili frá 2150-2350 snúninga. Sömmuleiðis að viðhaldsvottorði verði skilað inn til FÖS, en málinu verður endanlega fylgt eftir við endurnýjun lofthæfiskirteinis af hálfu FÖS.

Tillaga 2: Matsnefnd FÖS tekur undir tillögu RNF en telur að ekki sé nauðsyn á sérstöku átaki í þessu skyni og kynning á flugöryggisfundi á þessu máli í heild sinni hafi tekist vel. Ennfremur er rétt við sem flest tækifæri að benda á skýrslur RNF, sem eru mjög aðgengilegar á netinu.

Tillaga 3: Matsnefnd FÖS tekur undir tillögu RNF og sendi lofthæfideild FÖS út dreifibréf dags. 13. mars 2003 til viðhaldsaðila lítilla flugvéla þar sem hnykk er á mikilvægi þess að ganga vel frá viðhaldsgögnum, nauðsynlegum skráningum í viðhaldsdagbækur, hvaða gögn tilheyri viðhaldsskrám o.fl. Þá var með bréfinu sendur nýr uppfærður gátlisti á íslensku.

M-10101/AIG-23, flugatvik TF-JME á Hornafjarðarflugvelli 2. desember 2001

Skýrsla RNF um málið kom út 8. júlí 2003 og voru þrjár tillögur um úrbætur í flugöryggismálum gerðar.

RNF beindi því til Flugmálastjórnar Íslands að hún:

1. Sjái til þess að útreikningur í „Airport Analyzes and Route Performance Manual“ flugfélagsins, fyrir þessa flugvélategund, sé í samræmi við reglur JAR-OPS 1 og leiðbeiningar í flughandbók flugvélarinnar.
2. Geri áætlanir um reglulegar prófanir og kvörðun á Tapley mælum til þess að staðreyna réttar mælingar í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
3. Geri samanburðarmælingar á mismunandi tækjabúnaði til bremsumælinga og skrifi leiðbeinandi efni til flugmanna, flugumferðastjóra og flugvallarvarða um takmarkanir búnaðarins.

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Tillaga 1: FÖS barst skýrsla frá flugstjóra TF-JME í umræddu flugi og skoðaði ratsjarmynd af aðflugi vélarinnar þar sem ekkert óeðlilegt kom fram. Samkvæmt upplýsingum frá flugrekandanum hefur félagið gert samning við sænskt fyrirtæki um flugvallarútreikninga. Útreikningar eru í vinnslu fyrir Metró vélar félagsins og verða útreikningar gerðir á Twin Otter vélar félagsins í kjölfarið.

Tillaga 2 og 3: Matsnefndin tekur undir tillögur RNF og var flugvalla- og leiðsögusviði (FLS) falið að fylgja tillögunni eftir. Verklagsregla um prófanir og kvarðanir Tapley mæla FMS hefur verið gefin út og staðfest af framkvæmdastjóra FLS. Tilgangur/markmið verklagsreglunnar er að stuðla að áreiðanleika í bremsumælingum framkvæmdum með Tapley mælum FMS, með reglulegum prófunum og kvörðunum á þeim. Gildi Tapley mælanna er borin saman við gildi SAAB-friction tester og skal gildi tapley mælisins vera innan við tiltekið uppgefið bil. Þann 19. desember 2003 var sent út upplýsingabréf til umdæmisstjóra og AFIS manna á flugvöllum FMS til að áréttá mikilvægi þess að vanda til gerðar METAR og SPECI skeyta og upplýsinga um veður og ástand brauta sem þar koma fram.

M-05502/AIG-19, flugslys TF-SMS á Keflavíkurflugvelli 29. júlí 2002

Skýrsla RNF um málið kom út 11. júlí 2003 og voru tvær tillögur um úrbætur í flugöryggismálum gerðar.

RNF beindi því til Flugmálastjórnar Íslands að hún sjái til þess að:

1. Settar verði verklagsreglur um tvískoðun í kjölfar viðhalds eða samsetningar á stjórnækjum heimasmiðaðra loftfara.
2. Merkingar verði settar við tengingar á stjórntaumum stjórnflata heimasmiðaðra loftfara sem auðkenni rétta tengingu.

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Tillaga 1 og 2: Matsnefnd FÖS tekur undir tillögur RNF. Lofthæfideild FÖS fór fram á það við Flugsmíð, félagsskapinn sem um ræðir og er viðurkenndur af FMS/FÖS, að endurskoða handbók sína og verklagsreglur m.t.t. tillagna RNF. Fundur hefur verið haldinn með Flugsmíð og þeir hafa skilað inn drögum að nýrri handbók. Handbókin og verklagsreglur verða endurskoðaðar í heild með sérstakri áherslu á skoðanir á nýsmíði og viðhalds/samsetningu heimasmiðaðra loftfara og tryggja merkingar ef hættu er á að mistökum við tengingu víra. Tekið er nú þegar mið af tillögum RNF við ársskoðanir og aðrar skoðanir tilnefndra skoðunarmanna Flugsmíðar þó svo að handbókargerðinni sé ekki enn lokið. Reglugerð um heimasmiði nr. 216/1983 er í fullu gildi að mati FÖS og ekki talin ástæða til að breyta henni. Hins vegar telur matsnefndin rétt að fylgja málinu enn betur eftir við næstu endurskoðun á reglugerðinni og bæta inn ákvæði um viðurkennda handbók með verklagsreglum, svo og aðild flugvélasmiða að viðurkenndum félagsskap.

M-03502/AIG-09, flugslys TF-POU á flugvellið á Forsæti 1. júní 2002

Skýrsla RNF um málið kom út 28. ágúst 2003 og var ein tillaga um úrbætur í flugöryggismálum gerð.

RNF beindi því til Flugmálastjórnar Íslands, Landsvirkjunar, RARIK og Símans að þær:

1. Vinni saman að því að draga úr slyshættu vegna loftlína nálægt flugbrautum í samræmi við hindranamerkingar í viðbæti 14 við Alþjóðaflugmálasáttmálann.

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Tillaga 1: Matsnefnd FÖS gerir engar athugasemdir við tillögu RNF. FÖS hafði samband við umdæmisstjóra flugvalla og benti þeim á niðurstöður skýrslunnar og bað þá að huga sérstaklega að flugvöllum í þeirra umdæmi þar sem loftlínur gætu verið varhugaverðar. Framkvæmdastjóri flugvalla- og flugleiðsögusviðs (FLS) hefur fundað með fulltrúa Landsvirkjunar. Síminn mun hafa svarað RNF því til að engar símalínur séu í námunda við flugvelli. Matsnefndin hefur farið fram á bréflaga við framkvæmdastjóra FLS að hann boði til fundar með fulltrúum Landsvirkjunar og RARIK sem fyrst.

M-06502/AIG-22, flugumferðaratvik TF-FTG/TF-FTN á Reykjavíkurflugvelli 14. ágúst 2002

Skýrsla RNF um málið kom út 29. október 2003 og var ein tillaga um úrbætur í flugöryggismálum gerð.

RNF beindi því til Flugmálastjórnar Íslands að hún:

1. Gefi út leiðbeinandi efni um verklag sem nota skal þegar talstöðvasamband rofnar í sjónflugi.

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Tillaga 1: Matsnefnd FÖS tekur undir sjónarmið RNF og telur að um alvarlegt atvik sé að ræða. FÖS hefur gengið frá upplýsingabréfi og sent áfram til útgáfu með leiðbeinandi efni um verklag sem skal nota þegar talstöðvarsamband rofnar í sjónflugi í formi upplýsingabréfs (AIC) sem gefið verður út í AIP. Upplýsingarbréfið er frágengið og er í útgáfuferlinu.

M-04902/AIG-17, flugslys TF-ABJ við Akureyrarflugvöll 3. júlí 2002

Skýrsla RNF um málið kom út 30. desember 2003 og var ein tillaga um úrbætur í flugöryggismálum gerð.

RNF leggur til að Flugmálastjórn Íslands sjái til þess að:

1. Í prófunaráætlunum heimasmiðaðra loftfara verði gert ráð fyrir að eldsneytismælar séu sérstaklega prófaðir og áreiðanleiki þeirra staðfestur. Hið sama gildi þegar meiriháttar breytingar eru gerðar á eldsneytiskerfi heimasmiðaðra loftfara eftir útgáfu lofthæfiskirteinis.

Viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands:

Tillaga 1: Matsnefnd FÖS vekur sérstaka athygli á því sem er talið vera meginorsök slyssins á bls. 8 í skýrslu RNF en þar segir: „Það er álit RNF að orsök slyssins hafi verið sú að hreyfill flugvélarinnar missti afl sökum þess að eldsneyti gekk til þurrðar. Það var flugmannsins að ganga úr skugga um að ...“. Í kjölfar flugslyssins í Garðsárdal þ. 5. ágúst 2001, var bætt við ákvæði 4.8.1 í rg. nr. 488/1997 um almannaflyg um áfyllingu eldsneytis að „mæla

skuli með kvarða eða á jafngildan hátt, eldsneytismagn ...“. Nefndin telur að þegar hafi verið gengið eins langt formlega og hægt er í þeirri viðleitni að flugmenn geri sér grein fyrir nauðsyn þess að ganga úr skugga um að nægilegt eldsneyti sé um borð fyrir fyrirhugað flug. Hvað varðar sjálfa tillöguna þá getur matsnefndin tekið undir það að gera eigi prófanir á heimasíði eftir meiri háttar breytingar, jafnt á eldsneytismælum sem öðru.

Erlend samskipti á árinu 2003

1. Samþjóðlegar rannsóknir

Rannsóknir flugslysa og flugatvika eru hluti alþjóðlegs fyrirbyggjandi starfs á sama hátt og flugið er alþjóðlegt og vinnubrögðin eru samræmd með alþjóðlegum skuldbindingum og samstarfi.

Viðbætur (Annex) nr. 13 við Alþjóðaflugmálasáttmálann leggur línurnar í samstarfi þjóða hvað varðar rannsóknir flugslysa og hvernig vinnubrögð á að viðhafa. Flugið er alþjóðlegt og rannsóknirnar eru alþjóðlegar og það er mikilvægt að rannsakendur flugslysa á heimsvísu hafi náð samband við hvora aðra, án tillits til landamæra eða mismunandi trúarbragða eða stjórnmálaskoðana. Ef svo ber undir, þá er það ekki síður gagnlegt rannsakendum lítils ríkis eins og við erum, sem hefur flugstarfsemi víða um heim, að þekkja manninn persónulega sem talað er við og er á hinum enda línunnar þegar vandamál sem varðar loftför skráð á Íslandi kemur upp í öðru landi.

Nokkur mismunandi alvarleg atvik urðu í flugi íslensk skráðra flugvéla erlendis árið 2003 svo og í almenningsskiptum erlendra flugvéla um Ísland. Rannsóknarnefnd flugslysa var í flestum tilvikunum í sambandi við þá erlendu aðila sem önnuðust eða bar að annast rannsóknina skv. alþjóðareglum svo og eftir atvikum við skráningarríki og framleiðsluríki loftfarsins. Flest þessara mála sem snerta íslenskar flugvélar eru rakin nokkuð ítarlega hér á undan í kaflanum um viðfangsefni ársins 2003.

Nokkur minni háttar atvik sem snertu starfrækslu íslensk skráðra flugvéla erlendis urðu á árinu, þar sem hlutaðeigandi yfirvöldum í landinu var ýmist ekki tilkynnt um atvikið eða þau höfðust ekki að og má þar nefna nokkur flugumferðaratvik. Viðkomandi flugrekandi gerði Rannsóknarnefnd flugslysa hins vegar grein fyrir málavöxtum.

Allnokkur atvik sem RNF var tilkynnt um vörðuðu erlendar flugvélar og voru þess eðlis, að RNF ákvað að ekki væri ástæða til sérstakrar rannsóknar og er þeirra ekki getið hér í ársskýrslunni.

- RNF var í sambandi við Rannsóknarnefnd flugslysa í Kanada vegna rannsóknar á flugslysi bandarískrar flugvélar við Goose Bay. Flugvélin sem var í ferjuflugi til Bandaríkjanna hafði viðkomu á Íslandi fyrir flugið til Kanada en hún fórst í aðflugi eftir að flugmaðurinn hafði tilkynnt um bilun í siglingartækjum. RNF safnaði saman gögnum og tók vitnisburð af þeim sem höfðu haft samskipti við flugmanninn meðan á viðvöl hans stóð hérlendis.
- Prettán flugumferðaratvik urðu erlendis þar sem á-

rekstrarvarar gáfu skipun um frávik (TCAS RA) frá heimiluðum ferli flugvéla sem skráðar eru á Íslandi. Þrjú þessara mála, (M-04103/25), (M-04503/28) og (M-02203/13) voru rannsökuð af viðkomandi erlendum flugmálayfirvöldum. Önnur þrjú voru ekki rannsökuð þar sem erlend flugmálayfirvöld töldu ekki tilefni vera til rannsóknar. Sjö þessara mála höfðu það hinsvegar sameiginlegt að við frekari könnun RNF gekk afar treglega að afla skýringa frá viðkomandi erlendum flugmálayfirvöldum.

- Eitt mál (M-03303/20) varð þar sem íslensk flugvél lenti í Portúgal eftir að hitalykt og reykur kom upp á flugi. RNF var í sambandi við portúgólsku rannsóknarnefndina vegna málsins.
- Nokkur samskipti áttu sér stað milli RNF og flugmálayfirvalda í Litháen vegna rannsóknar á atviki litháenskrar einkaflugvélar við Reykjavíkurlugvöll (M-03002/19).
- RNF var í nánu sambandi við Rannsóknarnefnd flugslysa í Danmörku og Bandaríkjunum vegna rannsóknar á flugatviki danskrar og bandarískrar flugvéla vestur af Íslandi (M-04303/26).
- All náð samband var milli RNF og Rannsóknarnefndar flugslysa í Bandaríkjunum og Kanada vegna atvika þegar bandarískar flugvélar og kanadísk flugvél lentu á Keflavíkurlugvelli vegna bilana (M-04603/29), (M-05103/30) og (M-06303).
- RNF var í sambandi við argentínska flugslysarannsakendur vegna atviks (M-01503/09) á íslenski flugvél við flugvöllinn í Buenos Aires.
- RNF hafði náð samband við Rannsóknarnefndir flugslysa í Bandaríkjunum og Bretlandi á árinu vegna rannsóknar á atviki íslenskrar flugvélar á Reykjavíkurlugvelli (M-07503/39). Banaríska nefndin tilnefndi fulltrúa sinn í rannsókninni. Aðstoð erlendu nefndanna fólst meðal annars í því að lesa úr og greina gögn flugrita flugvélarinnar.

2. ISASI (International Society of Air Safety Investigators)

Nefndarmenn í Rannsóknarnefnd flugslysa eru eins og starfsbræður þeirra almennt, félagar í ISASI (International Society of Air Safety Investigators) sem eru alþjóðasamtök rannsakenda flugslysa. Félagið starfar eingöngu á faglegum grunni og gefur m.a. út tímarit og fræðsluefni, sem dreift er til félagsmanna sem eru í flestum löndum heims, öllum menningarsvæðum og af ótal trúfélögum. Þegar kemur að flugöryggi þá tala allir sama tungumálið og hugsa á líkum notum.

ISASI heldur árlegt þing, þar sem meðal annars eru

tekin fyrir ákveðin efni á sviði flugslysarannsóknna, um þau eru flutt erindi og umræður fara fram. RNF hefur ekki getað sent fulltrúa á þetta þing í allmörg ár, meðal annars vegna fjárskorts. Þingið var að þessu sinni haldið í Washington D.C. í Bandaríkjunum, dagana 26.-28. ágúst.

3. Fundur norrænna rannsakenda flugslysa

Árlegur fundur norrænna rannsakenda flugslysa var þetta árið haldinn í Stokkhólmi í Svíþjóð dagana 1. - 4. september. Fundinn sóttu auk heimamanna, Þorkell Ágústsson af hálfu Rannsóknarnefndar flugslysa á Íslandi, yfirmenn og rannsakendur frá rannsóknarnefnd flugslysa (Aircraft Accident Investigation Board) í Danmörku, og frá slysarannsóknarnefndum (Accident Investigation Board) í Noregi og Finnlandi. Yfirmaður kanadisku slysarannsóknarstofnunarinnar (Canadian Transport Safety Board) sótti fundinn eins og oft áður en fulltrúa rannsóknarnefndarinnar á Írlandi var eins og undanfarin ár boðið að sækja fundinn, en hann forfallaðist.

Umræðuefni fundarins voru af ýmsum toga eins og undanfarin ár og snertu umhverfi rannsakandans og framkvæmd rannsókna ýmissa flugslysa og flugátvika sem orðið höfðu í löndunum frá síðasta fundi. Menn ræddu ýmis vandamál sem fengist var við í löndunum og miðluðu hver öðrum upplýsingum.

Á fundinum fjallaði Þorkell um það hvernig möglegt er að styðjast við verkefnastjórnun við rannsókn flugslysa. Svíar sögðu frá því að þeir huga nú að rannsóknum á minniháttar atvikum (major investigation in minor incidents). Svíar sögðu einnig frá þremur flugátvikum sem áttu sér stað á flughlaði þar sem flugvélar rákust ýmist á aðrar flugvélar eða á ökutæki. Orsökina mátti meðal annars rekja til ófullnægjandi umferðarstjórnunar á jörðu. Finnar röktu meðal annars rannsókn á flugslysi Cessna 172 flugvélar sem fórst við léleg veðurskilyrði (skyggni við lágmyrk). Flugmaðurinn og tveir farþegar fórust með flugvélinni. Líklegasta orsök slyssins var sú að skynvilla hafi valdið því að flugmaður flaug í jörðina. Finnar sögðu einnig frá því að tvö hliðstæð flugslys hefðu átt sér stað á síðastliðnum þremur árum í Finnlandi.

Danir greindu frá verkefni varðandi einkavæðingu á hluta flugumferðarstjórnar á Norðurlöndunum. Verkefnið nefnist NUAK (Nordic Upper Area Centre Project) og nær yfir flugumferðarstjórn á flugumferð fyrir neðan fluglag 285.

Norðmenn sögðu frá reynsly sinna rannsakenda vegna endurupptöku á rannsókn gamals flugslyss.

Nick Stoss frá Kanada sagði frá þátttöku þeirra í rannsókn á flugátviki þegar flugvél af gerðinni A330 frá Air Transat missti vélarafli við Portúgal árið 2001. Orsökinn var rakin til þess að eldsneyti gekk til þurrðar sökum eldsneytisleka. Rannsóknarnefnd flugslysa í Portúgal stjórnaði rannsókninni en Bretar, Frakkar, Kanadamenn og Portúgalski flugherinn aðstoðuðu við rannsóknina. Nick sagði einnig frá rannsókninni á Svissair slysinu sem varð við Nova Scotia 2. september 1998. Flugvélin var á leið frá Bandaríkjunum til Sviss en hafnaði í sjónum við strönd Kanada og var

stjórn rannsóknarinnar í höndum rannsóknarnefndarinnar í Kanada. Um var að ræða eina umfangsmestu rannsókn sem farið hefur fram á flugslysi í heiminum en meðal annars var hluti skrokks flugvélarinnar, sem fór í sjóinn á miklum hraða, settur aftur saman. Alls komu um það bil fjögur þúsund manns að rannsókninni sem tók tæplega fimm ár.

4. Námskeið í viðbragðsáætlun flugslysa

Í janúar 2003 hafði RNF milligöngu um námskeiði sem sérstaklega var sniðið að flugrekendum. Á námskeiðinu var farið yfir viðbragðsáætlanir og þann undirbúning sem flugrekendur geta viðhaft til að tryggja að rétt viðbrögð séu viðhöfð í kjölfar flugslysa eða alvarlegra flugátvika. RNF fékk hingað til lands fulltrúa frá Southern California Safety Institute til þess að halda námskeiðið sem stóð í eina viku. Alls sóttu 19 manns námskeiðið og voru þeir frá flestum flugrekendum á landinu.

5. Erindi RNF til ICAO vegna flugátvika íslenskra flugvéla í Nígeríu og Úkraínu

RNF sendi slysarannsóknardeild Alþjóðaflugmála- stofnunarinnar (ICAO) erindi á árinu vegna atvika íslensk skráðra flugvéla í Nígeríu og Úkraínu. Nokkur atvik sem áttu sér stað í þessum löndum voru tilkynnt til RNF af íslenskum flugrekendum en erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar um málin hjá viðkomandi flugmálayfirvöldum og flugslysarannsakendum. ICAO upplýsti að erindi RNF hefði verið komið á framfæri við viðkomandi aðila og hvatti RNF til að halda áfram að tilkynna um þessi atvik með von um að í framtíðinni fái þau meiri athygli.

6. Námskeið í rannsóknum þyruluslysa

Þormóður Þormóðsson, rannsóknarstjóri Rannsóknarnefndar flugslysa, sat námskeið í rannsóknum þyruluslysa sem haldið var í Bandaríkjunum dagana 8. til 12. september 2003 af Southern California Safety Institute.

7. Heimsókn yfirmanns Rannsóknarnefndar flugslysa í Bretlandi

Ken Smart, yfirmaður Rannsóknarnefndar flugslysa í Bretlandi (Air Accident Investigation Branch), heimsótti RNF í ágúst 2003 og kynnti sér starfsemi nefndarinnar. Bretar hafa lengi verið í fremstu röð rannsakenda flugslysa í heiminum og hefur RNF átt mjög gott samstarf við bresku rannsóknarnefndina í gegnum árin. Má þar nefna mörg tilfelli þar sem breska rannsóknarnefndin hefur aðstoðað RNF við að lesa gögn úr flugritum og hljóðritum flugvéla. Vorið 2002 gerði RNF formlegan samning um gagnkvæma aðstoð á sviði flugslysarannsóknna við rannsóknarnefndina í Bretlandi og hefur sá samningur rennt en frekari stoðum undir samstarf nefndanna.

Skráð flugslys sl. 10 ár og rannsökuð flugatvik frá 1996

Í þessari skrá eru talin þau flugslys og flugatvik síðustu 10 ára, sem rannsökuð hafa verið. Þar er um að ræða atvik, er snerta loftför skráð á Íslandi og erlend loftför, sem hlekkst hefur á í íslenski lögsögu.

Rannsókn alvarlegra flugatvika varð skyld með lögum nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa.

Slys í fallhlífarstökki og fisflugi eru ekki talin hér með. Þegar slík slys hafa orðið hefur rannsóknin verið framkvæmd af lögregluþyrivöldum, með tæknilegri aðstoð Flugmálastjórnar og/eða RNF.

Ó/L=Ómeiddir /Litið meiddir S=Slasaðir D=Dánir

Ár	Dags.	Skrás.merki	Tegund loftf.	Málsatvik í stuttu máli og slysaður	Ó/L	S	D
1994	16.02.	WR-CWC	B727-100	Lenti með skemmda hreyfla í Keflavík.	8	0	0
	08.04.	TF-FIB	B737-400	Eldur í salerni vegna reykinga farþega.	81	0	0
	04.06.	TF-SAB	K7	Skemmdist í landingu á Sandskeiði.	2	0	0
	15.06.	TF-MED	PA28-161	Brotlenti við Lækjarbotna ofan Lögbergs.	2	0	0
	28.06.	TF-SAA	SA28A	Skemmdist í flugtaki við Stúfholt, Rangárvöllum.	1	0	0
	05.07.	TF-FKI	C180	Skemmdist í landingu á Freysnesflugvelli.	4	0	0
	07.07.	TF-SIS	Club Libelle	Skemmdist í flugtaki við Bjarnarstaði, Árnassýslu.	1	0	0
	15.07.	TF-FTL	C152	Skemmdist í akstri á Reykjavíkurlflugvelli.	1	0	0
	17.08.	TF-HDD	Bell 206	Björgunarsveitarmaður slasaðist á æfingu.	3	1	0
	28.08.	TF-EGE	CR172K	Fórst við Borgarnes.	0	0	2
	30.08.	TF-API	Kitfox	Skemmdist í landingu við Vaðbrekku, N-Múlasýslu.	2	0	0
	24.09.	N9082N	AC5005	Fórst við Vestmannaeyjar.	0	0	2
1995	19.01.	N810CK	DC8-63F	Ók út af akbraut flugvéla á Keflavíkurlflugvelli.	4	0	0
	13.05.	TF-BAB	C140A	Stélkastaðist og skemmdist í landingu á Reykjavíkurlflugvelli.	2	0	0
	18.05.	TF-FTN	PA44-180	Magalenti á Reykjavíkurlflugvelli.	2	0	0
	05.06.	TF-HRB	Champion	Hreyfilstöðvun og brotlending á Tungubökkum í Mosfellsbæ.	1	0	0
	30.06.	TF-VEN	P68C	Flaug á Geitahlíð sunnan Kleifarvatns í sjónflugi til Selfoss.	0	0	1
	01.07.	N44645	PA28-151	Skemmdist lítilllega í nauðlendingu á vegi við Geysi.	2	0	0
	06.07.	TF-SIP	Speed Astir	Brotlending á Sandskeiðsflugvelli.	1	0	0
	12.07.	TF-FKR	CP206C	Lá við slysi eftir að eldsneytisleiðsla rofnaði.	5	0	0
	08.07.	TF-SBM	Mistral-C	Fórst í upphafi flugtaks á Melgerðismelum.	0	0	1
	22.07.	TF-RVM	PA28-181	Lá við alvarlegu slysi í Vestmannaeyjum.	3	0	0
	26.07.	TF-SMA	Quickie-2	Magalending á Vígra flugvelli í Álasundi, Noregi.	1	0	0
	11.08.	TF-KEM	C152	Skemmdist í nauðlendingu við Straumsvík.	2	0	0
14.09.	TF-ELS	CF172P	Flaug í sjónflugi í hlíð Tröllatinds við Bægisárjökul.	0	0	3	
17.11.	TF-BOJ	C152	Fór á bakið í landingu á Sandskeiðsflugvelli.	2	0	0	
1996	18.01.	N1805	DC8-62	Rann út af flugbrautarendu í landingu á Keflavíkurlflugvelli.	76	0	0
	04.03.	TF-JMD	DHC6-300	Leggur nefskiðis skekkist í landingu á Appollovatni á Grænlandi.	3	0	0
	17.03.	N904WA	BN2A-21	Erlend flugvél brotlenti við Innri-Njarðvík eftir hreyfilstöðvun.	0	1	0
	31.05.	TF-JMK	SA227-AC	Lá við slysi í flugtaki af Akureyrarflugvelli.	14	0	0
	02.06.	TF-REF	Jodel D140AC	Flugvélin brotnaði sundur í landingu eftir misheppnað flugtak af túni við Hvítárdal í Hrunamannahreppi.	1	0	0
	07.06.	TF-DOV	DO28-B1	Stélkastaðist inn á flughlað Flugleiða hf. í landingu á braut 14 á Reykjavíkurlflugvelli.	14	2	0
	04.06.	TF-FKI	C180	Skemmdist í landingu í Kingsmuir Fife, Bretlandi, þegar nýr eigandi var að æfa sig.	1	0	0
	27.06.	TF-FIS	F27-Mk050	Hreyfilbilun og reykur í stjórnklefa og farþegarými.	24	0	0

Ár	Dags.	Skrás.merki	Tegund lofff.	Málsatvik í stuttu máli og slysgstaður	Ó/L	S	D
	28.06.	TF-FTJ	C152	Brotlenti og eyðilagðist í Geldinganesi eftir hreyfistöðvun.	2	0	0
	28.07.	TF-FID	B737-400	Vængendi straukst við flugbraut í lendingu.	108	0	0
	29.07.	TF-FTD	C150D	Rann á tvær aðrar flugvélar á Flúðafflugvelli eftir gagnsetningu.	1	0	0
	01.08.	TF-LFA	C310Q	Vinstra aðalhljól féll upp í lendingu á Vestmannaeyjaflugvelli.	5	0	0
	05.08.	TF-FTK	C172M	Fauk á bakið í akstri eftir lendingu á Vestmannaeyjaflugvelli.	1	0	0
	08.08.	TF-CCP	YaK52	Lenti með hjólin uppi á Tungubökkum í Mosfellsbæ.	1	0	0
	10.08.	TF-ELJ	ATR42	Alvarlegt ísingaratvik við 65°23'N 035°00'V.	45	0	0
	14.08.	TF-ELJ/ TF-SAP	ATR42	Flugumferðaratvik við Sandskeið. Let Kunovitce	3	0	0
	24.08.	TF-ULF	Jodel D-140C	Rann á trjádrumb í flugtaksbruni í Skaftafelli og skemmdist.	2	0	0
	15.09.	TF-FIK/ TF-FIC	B757-200	Flugumferðaratvik um 15 sjóm. SA-við Keflavík.	190	0	0
			B737-400		7	0	0
	30.10.	TF-ABD	L1011-385-1	Lenti skammt á Akureyrarflugvelli.	13	0	0
	06.11.	TF-SJM	CF172L	Fór á bakið í landingarbruni við Kirkjubæjarklaustur.	3	0	0
1997	07.02.	TF-FTG	CA152	Rann í lendingu út af hlið brautar í Reykjavík og inn á öryggis- svæðið.	1	0	0
	23.02.	TF-BAB	C140A	Ók á hindrun á flughlaði á Reykjavíkflugvelli.	1	0	0
	09.03.	UR76687	IL76MA	Flugvél frá flugher Úkraínu var hætt komin í lendingu á Keflavíkflugvelli.	16	0	0
	04.04.	TF-ABR	B747-100	Lá nærri að flugmenn misstu stjórn á flugvélinni í farflugi yfir N-Ítalíu.	17	0	0
	05.04.	TF-CCP	YaK52	Spann í sjóinn og fórst út af Straumsvík.	0	0	2
	22.04.	TF-EGU	PA31-350	Rafmagnseldur á flugi til Egilsstaða. Var slökktur nærri strax.	2	0	0
	22.04.	OY-AUT	PA31P	Erlend flugvél brotlenti við enda flugbrautar 14 á Reykjavíkflugvelli.	2	0	0
	24.04.	TF-JVB	C402B	Nefhjólsluggur kiknaði í akstri eftir lendingu í Freysnesi, Örfum.	6	0	0
	13.05.	TF-JMD	DHC6-300	Skemmdist smávegis í lendingu á kolli Grænlandsjökuls.	6	0	0
	25.05.	TF-FKM	PA18-135	Brotlenti á flugbraut við Litla-Odda nálægt Hellu.	1	0	0
	01.06.	TF-FTL	C152	Nauðlenti eftir hreyfibilun á túni við Grafarvog.	2	0	0
	23.06.	TF-UNG	C150	Nauðlenti eftir hreyfistöðvun og fór á bakið við Selfosflugvöll.	1	0	0
	26.06.	TF-ABC	Zlin-326	Lenti með hjólin uppi á Tungubakkaflugvelli, Mosfellsbæ.	1	0	0
	28.06.	TF-NPK	C47A	Hlekkist á í flugtaki af flugbraut við Sandárstokka við Blöndulón.	2	0	0
	30.06.	TF-FID	B737-400	Loft lak úr þremur aðalhljóum eftir að hætt var við flugtak af Kastraupflugvelli.	164	0	0
	02.07.	TF-JMD	DHC6-300	Flugverji meiddist í lendingu á Grænlandsjökli.	6	1	0
	30.07.	TF-FTE	C152	Brotlenti á Reykjavíkflugvelli.	1	0	0
	02.08.	TF-DUK	Jodel DR220	Hlekkist á í flugtaki við Grímsstaði á Fjöllum.	2	0	0
	16.08.	TF-JML	SA227-DC	Skemmdist í mikilli ókyrrð yfir Ísafjarðardjúpi.	21	0	0
	14.09.	TF-HHD	AB206BII	Fórst í verkflugi í Hamarsfirði, S-Múlasýslu.	0	0	1
	29.09.	RCAF	CL60	Rann út af akbraut í akstri eftir lendingu á Keflavíkflugvelli.	6	0	0
	21.10.	TF-FII	B757-200/ TF-FII	vék af flugferli vegna nálgunar flugvélar við Baltimore. Óþekkt 2 hreyfla	190	0	0
	20.11.	TF-ABW	B747-100	Rann út af flugbraut í flugtaki af Charles deGaulle flugvelli við París.	7	0	0
1998	07.03.	TF-KLM	C172N/ TF-TWO	Flugvélar snertust á lokastefnu fyrir lendingu á flugvellingum á Tungubökkum í Mosfellsbæ.	1	0	0
			C150L		1	0	0
	02.03.	TF-BKB	C177	Nauðlenti eldsneytislaus á Nesjavallavegi á Mosfellsheiði. Vængendi rakst í umferðarskilti og skemmdist.	2	0	0
	03.03.	TF-ABL	B747-300/ Saudia L1011	Flugumferðaratvik við Jeddah í Saudi Arabíu.	123	0	0
	10.03.	TF-JML	SA227-DC	Alvarleg bilun kom fram í hæðarstýrisstilli flugvélarinnar fyrir flug.	21	0	0
	04.04.	D-AGYA	B767-300	Eldur á flugi í hitaelementi við neyðarútgang í farþegaklefa á flugi. Flugvélinni var snúið til varúðarlendingar á Keflavíkflugvelli.	291	0	0
	15.04.	TF-ABO	B747-100	Flugumferðaratvik við Khartoum í Súdan.	476	0	0
	27.04.	TF-JMK	SA227-AC	Í akstri og í myrkri rákust skrúfublöð vinstra hreyfils í tréstaum sem notaður var til að merkja akbraut.	2	0	0
	30.05.	TF-SRM	S108-2	Í lágflugi eftir flugtak rakst annað aðalhljól í höfuð áhorfanda.	1	1	0
	09.06.	TF-NPK	C47A	Eldur kom upp í hægri hreyfli á flugi og var nauðlent á Selfosflugvelli.	5	0	0

Ár	Dags.	Skrás.merki	Tegund loftf.	Málsatvik í stuttu máli og slyssaður	Ó/L	S	D
	22.06.	TF-FIR	F27-Mk050	Flugmenn fengu og stilltu inn rangar upplýsingar um loftþrýsting fyrir aðflug að Húsavíkurlugvelli.	18	0	0
	23.06.	TF-ICI	C150	Rann tvisvar í röð út af braut í snertilendingum á Reykjavíkurlugvelli.	1	0	0
	28.06.	TF-AGN	Avid Flyer	Fór á bakið í flugtastilraun í Fljótavík á Hornströndum.	2	0	0
	30.06.	TF-FTL	C152	Nauðlenti eldsneytislaus á Tungubakkaflugvelli í Mosfellsbæ.	2	0	0
	10.07.	TF-EGD	PA38-112	Nauðlenti á Stykkishólmsflugvelli eftir hreyfilbilun.	1	0	0
	18.07.	TF-KJO	PA20	Brotlenti eftir flugtastilraun af Tungubakkaflugvelli í Mosfellsbæ.	2	0	0
	19.07.	N42PG	Lear 24D	Rann út af flugbraut í landingu á Keflavíkurlugvelli.	3	0	0
	26.07.	N56LE	FH227B	Hægra aðalhljól féll upp í landingarbruni á Keflavíkurlugvelli.	2	0	0
	27.07.	TF-ABV	L1011-385	Eldur í handfarangri farþega um borð fyrir flugtak í Alicante á Spáni.	350	0	0
	29.07.	TF-FII	B757-200	Kviknaði í raftengi fyrir sjónvarpsskjá á flugi.	223	0	0
	05.08.	TF-ABD	L1011-385	Hlíf (non-structural panel) losnaði af flugvélinni og féll til jarðar, skömmu eftir brottför frá Manchester í Bretlandi.	247	0	0
	09.08.	TF-ABR	B747-100/	Flugumferðaratvik við Havana á Kúbu.	450	0	0
		C-FTDA	A300		186	0	0
	10.08.	N8423T	PA32-301	Fórst í Kambhorni við Hornskriður austan Hornafjarðar.	0	0	3
	15.08.	ISB-700	DO228-202/	Flugumferðaratvik sunnan við radióvitann NB í Eyjafjarðarbotni.	-	-	-
		FXI-320	PA31-350				
	13.09.	TF-VEL	TB10	Brotlenti eftir flugtak af Bakkaflugvelli í Landeyjum.	0	3	0
	30.09.	TF-ABT	L1011-385	Hlíf af loftræstikerfi féll af flugvélinni og olli m.a. skemmdum á hreyfli.	303	0	0
	15.11.	EI-BNA	DC8-63	Eitt hægra aðalhljól féll af flugvélinni í flugtaki af Keflavíkurlugvelli.	8	0	0
	19.12.	TF-HHG	Bell 206-L1	Farþegi opnaði dyr á flugi og missti myndbandstökuvél fyrir borð.	4	0	0
	21.12.	N33TV	P68C	Bilun í hæðarstýrisstilli og alvarleg vandamál við stjórn loftfarsins. Nauðlent á Reykjavíkurlugvelli.	1	0	0
1999	03.01.	TF-JMG	PA31-350	Eldur í hreyfli á flugi eftir brottför frá Egilsstöðum.	7	0	0
	10.01.	TF-ABG	B747-100/	Flugumferðaratvik við Algeirs í Alsír.	500	0	0
			Ókunn		-	-	-
	15.02.	TF-ELH	DO228-201	Drapst á öðrum hreyfli á klifri frá Sauðárkróki í myrkri og snjókomu.	13	0	0
	20.02.	TF-FKM	PA18-135	Rak nefið niður í lok landingarbruns.	1	-	-
	08.03.	TF-BAB	C140A	Fór á bakið í flugtaksbruni af Sandskeiði.	1	0	0
	22.02.	TF-FIS	F27-Mk050/	Flugumferðaratvik við radióvitann RK við Reykjavík.	32	0	0
		TF-TOA	PA28R-200		2	0	0
	11.03.	TF-ABG	B747-100/	Flugumferðaratvik við Libreville í Gabon.	500	0	0
			Ókunn		-	-	-
	21.03.	TF-MYA	C152	Rann út af flugbraut í landingu á Reykjavíkurlugvelli.	1	0	0
	22.04.	TF-FKM	PA18-135	Brotlenti við Fitjar á Kjalarnesi er hreyfill missti afl eftir flugtak.	0	1	0
	15.05.	TF-API	C152	Ók á hindrun á leið frá flugskýli að flughlaði á Akureyrarflugvelli.	1	0	0
	04.06.	TF-ULV	Jodel DR1050	Stélkastaðist í landingu. Festingar hjólaleggs skemmdust.	1	-	-
	06.06.	TF-REF	Jodel D140	Nauðlending á Tungubökkum eftir að smurólía hreyfils lak út á flugi.	2	0	0
